FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
74. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 28. MARS 2017

# Neyðarfundur vegna aðgerða HB Granda

**Tæplega hundrað starfsmönnum í botnfiskvinnslu HB Granda á Akranesi verður sagt upp og vinnslan færð til Reykjavíkur. Þingmenn kjördæmisins og bæjarstjórn funduðu í gærkvöldi vegna málsins.**

**AKRANES** Bæjarstjórn og bæjarstjóri Akraness funduðu í gær með þingmönnum Norðvesturkjördæmis og Vilhjálmi Birgissyni, formanni Verkalýðsfélags Akraness, í ráðhúsi sveitarfélagsins. Umræðuefni fundarins var fyrirhuguð breyting á rekstri HB Granda en fyrirtækið stefnir að því að hætta botnfiskvinnslu á staðnum og flytja starfsemina til Reykjavíkur. Forsvarsmenn HB Granda hafa haft samráð við trúnaðarmenn stéttarfélaganna um aðgerðina.

Á Akranesi starfa um 270 starfsmenn innan samstæðu HB Granda, þar af starfa 93 við botnfiskvinnsluna. Helmingur alls kvóta HB Granda kom í gegnum sameiningu félagsins við Harald Böðvarsson & co í árslok 2004, en fyrir þann tíma hét félagið Grandi ehf. Er það stefna bæjaryfirvalda að tryggja að ef vinnslan á að sameinast á einum stað þá verði það á Akranesi.

„Við Skagamenn erum slegnir yfir þessum fréttum. Við viljum halda starfsemi áfram á Akranesi og byggja upp. Staðan er ótrúlega döpur og vekur upp spurningar um hvort við séum á réttri leið," sagði Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, að fundi loknum.

Í tilkynningu frá HB Granda segir að hvorki sé hafnaraðstaða né aðstaða til vinnslu alls botnfiskafla ísfisktogara á Akranesi. Forsvarsmenn félagsins og Akranesbæjar eiga í viðræðum um mögulegar breytingar á því.

„Það eru miklar áhyggjur hjá bæjarstjórninni og við þingmenn tökum undir þær. Menn eru ekki úrkula vonar um að stjórnarmenn fyrirtækisins horfi til samfélagslegrar ábyrgðar og langrar sögu fyrirtækisins," segir Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingmaður Vinstri grænna í kjördæminu.

„Hérna eru heimamenn tilbúnir til að byggja upp og bæta aðstöðu sem þarf til hér við höfnina. Það er okkar von að þeir fái frest til að skoða þessi mál í samhengi áður en afdrifaríkar ákvarðanir verða teknar."

– jóe / sjá síðu 4

> **Það er okkar von að þeir fái frest til að skoða þessi mál í samhengi áður en afdrifaríkar ákvarðanir verða teknar.**
> Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingmaður VG





Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri Akraness, gengur framhjá Þórdísi Kolbrúnu R. Gylfadóttur og Gunnari Braga Sveinssyni, þingmönnum Norðvesturkjördæmis, á fundinum í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Vilja hertar reglur um heimagistingu

**FERÐAÞJÓNUSTA** Stjórnvöld hafa til skoðunar að beita frekari úrræðum til þess að takmarka skammtíma útleigu á íbúðum, til dæmis í gegnum Airbnb. Þetta segir Karl Pétur Jónsson, aðstoðarmaður félags- og húsnæðismálaráðherra. Þetta er ein þeirra tillagna sem rætt er um í starfshópi fjögurra ráðuneyta til að bregðast við aðstæðum á íbúðamarkaði.

Áformað er að kynna tillögur hópsins öðrum hvorum megin við páska. Karl Pétur segir að í dag sé verið að ræða um 20 hugmyndir sem verði fækkað niður í tíu.

„Ég get staðfest það að einn af þeim hlutum sem er verið að skoða eru frekari takmarkanir á Airbnb. En það er ekki komið á það stig að það sé hægt að ræða einhverjar frekari útfærslur," segir Karl Pétur.

Næstum sjö af hverjum tíu sem afstöðu taka í nýrri könnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis telja að takmarka eigi leigu á íbúðum til ferðamanna. Þriðjungur svarar slíkri spurningu hins vegar neitandi.

Í nýlegri skýrslu Íslandsbanka um ferðaþjónustuna kemur fram að á síðastliðnu ári var meðalfjöldi virkra gistirýma á Airbnb í Reykjavík 2.000, sem er tvöfalt fleiri en árið á undan. Búist er við því að eftirspurn eftir Airbnb-íbúðum og annars konar gistingu aukist enn frekar. Líkur eru á að leiguverð hækki enn meira.

Könnunin var gerð 20. og 21. mars. Hringt var í 1.242 manns þar til náðist í 791 samkvæmt lagskiptu úrtaki. Svarhlutfallið var 63,7 prósent.

– jhh /sjá síðu 4

**Á að takmarka leigu á íbúðum til ferðamanna?**




## Skemmtikraftar eru oft áreittir

**SAMFÉLAG** Að verða fyrir áreitni af ýmsu tagi er ömurlegur partur af starfi skemmtikrafta að sögn Margrétar Erlu Maack. Salka Sól sagði frá áreitni á Twitter um helgina og Margrét Erla hefur lent í svipuðu. „Þetta er alveg helmingur af þeim giggum sem ég tek, þá lendi ég í einhvers konar káfi, áreitni eða óviðeigandi athugasemdum," segir hún.

„En núna þegar ég er ráðin þá segi ég oft í gríni: „Ég kosta þetta en ef það kemur dónakall þá er það 30.000 krónur auka." Þá eru allir meðvitaðir um hver staðan er," segir hún.

– gha / sjá síðu 22

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Oddný G. Harðardóttir skrifar um fjármálastefnu ríkisins. 10

**SPORT** Úrslitakeppni Domino's-deildar kvenna hefst í kvöld á heimavelli Íslandsmeistara Snæfells í Stykkishólmi. Fréttablaðið fékk sjö leikmenn úr hinum liðum deildarinnar til að spá um hverjir komist í lokaúrslitin í ár. 12

**SPORT** Roy Keane skoraði tvö mörk síðast þegar Ísland mætti Írlandi. Liðin mætast í kvöld. 13

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **HÚSNÆÐI OG VIÐHALD**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

7.000 KR.
AFSLÁTTUR Á ÞJÓÐHÁTÍÐ
MIÐAÐ VIÐ FULLT MIÐAVERÐ EFTIR AÐ FORSÖLU LÝKUR
EF ÞÚ BORGAR MEÐ KASS!

## Veður




Austanstrekkingur allra syðst í dag en annars hægari. Smáskúrir við austur- og suðausturströndina en él inn til landsins en annars skýjað með köflum og þurrt að kalla. SJÁ SÍÐU 18



Kvartanir frá íbúum vegna mengunar frá verksmiðjunni skipta hundruðum síðustu misserin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Íbúum stafar ekki bráð hætta af mengun

**UMHVERFISMÁL** „Það var niðurstaða fundarins að íbúum á svæðinu stafi ekki bráð hætta af losun frá verksmiðju United Silicon. Það er hins vegar mikilvægt að það verði dregið úr þessari losun arsens og Umhverfisstofnun mun fylgja því eftir,“ segir Sigrún Ágústsdóttir, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun.

Sigrún var boðuð á fund Nefndar um sóttvarnir í gær vegna upplýsinga um að eiturefnið arsen hefði mælst tuttugufalt yfir því sem gert er ráð yfir í umhverfismati verksmiðjunnar í Helguvík.

Sveitarstjórnarmenn í Reykjanesbæ hafa farið fram á að verksmiðjunni verði lokað þangað til lokið er úrbótum til að uppræta mengunina.

Aðspurð um hvort lokun verksmiðju United Silicon, til lengri eða skemmri tíma, komi til greina segir Sigrún að fyrirtækið vinni að umbótum þessa dagana og verkfræðileg úttekt stofnunarinnar standi fyrir dyrum.

„Það var niðurstaðan að halda þessu í þeim farvegi sem það er í. Það þarf að hafa það í huga að til að greina allt sem við þurfum að vita þarf verksmiðjan að vera í gangi, t.d. lyktaráhrifin. Þetta er því ekki alveg svo einfalt en það eru þegar talsverðar takmarkanir í dag,“ segir Sigrún og vísar til þess að aðeins annar ofninn sem leyfi er fyrir er nýttur.

United Silicon sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem segir að rangfærslur séu í umfjöllun um arsen frá verksmiðjunni. **– shá**

# Stjórnendur Domino's bökuðu ekki mikil vandræði



Starfsfólk Domino's í Hafnarfirði fékk frí í gær þegar stjórnendur fyrirtækisins tóku við störfum þeirra. Stjórnendurnir bökuðu ekki nein sérstök vandræði því þeir voru búnir að fá alla þá þjálfun sem þarf til að ráða við að baka ilmandi pitsu og skila henni til hungraðs viðskiptavinar. Starfsfólkið í Hafnarfirði varð hlutskarpast í keppni innan fyrirtækisins og fékk því að launum frí heila kvöldstund. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Dularfullt hvarf íslenskrar konu

**SAMFÉLAG** Íslenskrar konu, Hala Mohamed Zaki Ibrahim, hefur verið saknað í tæpt ár. Lýst hefur verið eftir henni á vef Interpol í nokkurn tíma án þess að nokkuð hafi til hennar spurst. Hala er upphaflega frá Egyptalandi en hefur búið lengi á Íslandi. Hún starfaði sem kennari á leikskóla áður en hún týndist.

Í svari Interpol við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að lögregluyfirvöld á Íslandi verði að veita upplýsingar um stöðu málsins. Embætti ríkislögreglustjóra vísar á lögregluna á höfuðborgarsvæðinu (LRH), sem segir að ekki sé uppi grunur um saknæma háttsemi og að lýst hafi verið eftir Hala að beiðni fjölskyldu hennar. Málið sé úr höndum LRH þar sem talið er að Hala sé stödd í Egyptalandi. Ættingjar konunnar vilja ekki tjá sig um málið að beiðni lögreglu. **– jóe**

# Vilja fá hugmyndir um nýtingu lághitavatns

**Lághitavatn finnst um allt land en er ekki nýtt sem skyldi. Vatnið frá Vaðlaheiðargöngum varð kveikja hugmyndasamkeppni. Baðstaður, fiskeldi og ylrækt blasir við sem dæmi um nýtingarmöguleika.**



Það skortir ekki vatn í Vaðlaheiðargöngunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

**ORKUMÁL** Nýting lághitavatns á Norðurlandi eystra, með áherslu á nýtingu heita vatnsins sem nú rennur frá Vaðlaheiðargöngum, er tilefni sérstakrar hugmyndasamkeppni á vegum Eims, Íslenskra verðbréfa og Vaðlaheiðarganga ehf.

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, framkvæmdastjóri Eims, sem er samstarfsverkefni um nýtingu orkuauðlinda og aukna nýsköpun í orkumálum í fjórðungnum, segir tilefnið kannski vera vatnið sem mikið hefur verið fjallað um og streymir frá Vaðlaheiðargöngunum, en kannski ekki síður þá staðreynd að lághitavatn er víða að finna á norðaustanverðu landinu, og nefnir hún Öxarfjörð sérstaklega í því samhengi.

„Okkar hlutverk hjá Eimi er að finna nýjar leiðir til að nýta orkuauðlindirnar okkar – nýta þær betur. Það má segja að mikið af lágvarma sé að fara til spillis og þess vegna ákváðum við að boða til þessarar samkeppni og sjá hvort það eru ekki snilldarhugmyndir þarna úti,“ segir Albertína og bætir við að mjög mikið af lághitavatni finnist víða á Íslandi.

Strax kemur upp í hugann að nýta vatnið til að koma upp baðstað fyrir þá fjölmörgu ferðamenn sem hingað streyma enda óþarft að segja sérstaklega frá því hversu vinsælir slíkir staðir eru nú þegar. Önnur hugmynd sem er nærtæk er að nýta vatnið til landeldis á fiski, segir Albertína og þegar hafa slíkar hugmyndir verið nefndar í hennar eyru.

„Ylrækt er líka þekkt dæmi. Við höfum spennandi dæmi eins og wasabi-ræktun á Egilsstöðum sem dæmi um ræktun á verðmætari afurð en við höfum séð áður og ný verkefni í þeim anda vonumst við eftir að sjá,“ segir hún og bætir við að Vaðlaheiðargöngin séu svo bara eitt gott dæmi um ónýtta auðlind. „Möguleikarnir sem þessari auðlind tengjast eru vísast endalausir,“ segir Albertína.

Samkeppnin verður kynnt sérstaklega á blaðamannafundi í dag, en þeir sem standa að Eimi eru Landsvirkjun, Norðurorka, Orkuveita Húsavíkur og Eyþing, samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. Auk þess eru Íslenski jarðvarmaklasinn og Íslenski ferðaklasinn aðilar að verkefninu, ásamt atvinnuþróunarfélögunum á svæðinu. Verkefnið er til þriggja ára og hafa stofnaðilar lagt því til hundrað milljónir króna.

svavar@frettabladid.is

## Hitastig og magn stöðugt

- Bormenn verktaka Vaðlaheiðarganga komu í febrúar 2014 inn á vatnsæð í göngunum sem er um 46 gráðu heit.
- Nú hefur komið í ljós að hitastig og vatnsmagn virðist nokkuð stöðugt og ljóst að þarna er um töluverða auðlind að ræða.
- Eitt af markmiðum Eims er að stuðla að aukinni sjálfbærni samfélaga á Norðurlandi eystra með bættri nýtingu.
- Fjölmargar hugmyndir hafa komið fram um mögulega nýtingu á vatninu í Vaðlaheiðinni en aðstandendur hugmyndasamkeppninnar vilja með henni leggja sitt af mörkum til að auka líkurnar á að vatnið verði nýtt.







KOMDU Í REYNSLUAKSTUR OG UPPLIFÐU ÞAÐ NÝJASTA OG FULLKOMNASTA Í RAFBÍLATÆKNI.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Leigutakar veiðiréttar í Staðará vita ekki hverjum á að borga

**TRÚFÉLÖG** Óvissa er um um veiðiréttindi prestssetursjarðarinnar Staðastaðar á Snæfellsnesi. Í skýrslu sem framkvæmdastjóri kirkjuráðs flutti á fundi ráðsins kom fram að deilu um landamerki við eiganda jarðarinnar Traðar var vísað frá héraðsdómi vegna vanreifunar. Deilan heldur þó áfram um veiðiréttinn í Staðará.

„Þá kom fram að leigutakar veiðiréttar eru í óvissu um hverjum skal greiða fyrir leiguréttinn vegna deilunnar. Einnig kom fram að aðrir leigutakar sóknarprests eru í sams konar óvissu vegna þess að fram er komið álit kirkjuráðs þess efnis að eðlilegt sé að sóknarprestur skili jörðinni til Kirkjumálasjóðs eigi síðar en á fardögum 2017,“ segir í fundargerð Kirkjuráðs.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu telur kirkjuráð að sóknarpresturinn á Staðastað eigi að skila jörðinni eftir að biskup létti af honum skyldu til að búa í prestsbústaðnum. Prestsfjölskyldan hafði áður flutt úr húsinu og sest að í Borgarnesi með þeirri skýringu að veikindi fjölskyldumeðlima mætti rekja til myglu í húsinu. Þrátt fyrir kostnaðarsamar viðgerðir töldu prestshjónin ósannað að tekist hefði að ráða niðurlögum myglunnar. **– gar**

> **Leigutakar veiðiréttar eru í óvissu um hverjum skal greiða fyrir leiguréttinn vegna deilunnar.**
>
> Úr fundargerð kirkjuráðs



**Deilur hafa verið um flest milli himins og jarðar á Staðastað.** FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL

# Svartur dagur í sögu Akranesbæjar

**93 starfsmenn munu að öllum líkindum missa vinnuna hjá HB Granda í lok mánaðar. Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir stöðuna í bænum grafalvarlega. Boðað hefur verið að greiddur verði út 1,8 milljarða arður á aðalfundi HB Granda í maí.**

**AKRANES** HB Grandi áformar að láta af botnfiskvinnslu á Akranesi og hefur hafið samráð við trúnaðarmenn stéttarfélaga starfsmanna vegna þess. 93 starfsmenn vinna við botnfiskvinnslu HB Granda á Akranesi. Heimildir Fréttablaðsins herma að öllum starfsmönnum botnfiskvinnslunnar verði sagt upp í lok mánaðarins.

„Starfsmenn voru slegnir við fréttirnar og það var þungt hljóð í fólkinu. Það var mjög lítið um svör til okkar á fundinum. Þetta mun líklega skýrast örlítið betur á miðvikudag á fundi með trúnaðarmönnum, aðilum fyrirtækisins og verkalýðsfélagsins,“ segir Skúlína Guðmundsdóttir, trúnaðarmaður starfsmanna í botnfiskvinnslu HB Granda. „Við sem vinnum þarna höfum lent í þessu áður að vera sagt upp störfum svo við erum von þessu. Auðvitað vonumst við eftir því að lausn finnist í þessu máli.“

Hagnaður HB Granda á síðasta ári var um þrír milljarðar króna og hefur fyrirtækið hagnast um 40 milljarða króna frá hruni. Á aðalfundi félagsins, sem haldinn verður þann 5. maí næstkomandi, verður borin upp tillaga um að arðgreiðslur nemi um 1,8 milljörðum króna.

Vilhjálmur Birgisson segir stöðuna sem upp er komin á Akranesi grafalvarlega, dapra og sorglega og að gærdagurinn hafi verið svartur dagur í sögu bæjarfélagsins. „Fyrirtæki sem lifði af tvær heimsstyrjaldir er að hætta starfsemi vegna stjórnunar fiskveiða þar sem örfáir aðilar geta tekið ákvörðun um að slökkva ljósin í heilu byggðarlögunum og skilja fólkið eftir án lífsviðurværis,“ segir Vilhjálmur. „Ég minnti forstjóra HB Granda á þá samfélagslegu ábyrgð sem fyrirtækið ber. Það er ekki sjálfgefið að hafa aðgang að sjávarauðlindinni án þess að axla neina ábyrgð á fólkinu í landinu og þeim samfélögum sem það starfar í.“

„Þetta hefur mikil áhrif á okkar starfsfólk og Skagamenn yfirhöfuð. Þetta eru ekki góð tíðindi,“ sagði Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda, á blaðamannafundi í gær. „Erfið staða í landvinnslu kallar á þessar aðgerðir. Þetta er neyðarákvörðun sem þarf að taka,“ segir hann.

Ólafur Adolfsson, formaður bæjarráðs Akraness, sagði tíðindin alvarleg fyrir bæjarfélagið enda vinnustaðurinn mjög stór í bænum.
**sveinn@frettabladid.is**

> **Starfsmenn voru slegnir við fréttirnar og það var þungt hljóð í fólkinu.**
>
> Skúlína Guðmundsdóttir, trúnaðarmaður starfsmanna



> **Örfáir aðilar geta tekið ákvörðun um að slökkva ljósin í heilu byggðarlögunum og skilja fólkið eftir án lífsviðurværis.**
>
> Vilhjálmur Birgisson, formaður verkalýðsfélags Akraness



> **Þetta er neyðarákvörðun sem þarf að taka.**
>
> Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda



**40**

**milljarða hagnaði hefur HB Grandi skilað frá hruni.**



**Vinnslusalurinn var heldur tómlegur á að líta meðan starfsmannafundurinn fór fram.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Verðum að bera traust til stjórnenda

Um 40 prósent hlutabréfa í HB Granda eru í eigu lífeyrissjóða. Þar af er Lífeyrissjóður verslunarmanna næststærsti eigandinn, á 13 prósenta hlut í fyrirtækinu. Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar LV, segir sjóðinn vilja vera samfélagslega ábyrgan.

„Þarna eru stjórnendur að taka ákvörðun sem þeir hljóta að telja að sé félaginu fyrir bestu og eftir því sem ég kemst næst þá ætti þessi ákvörðun ekki að koma mikið á óvart. Þeir hafa verið að byggja landvinnslu kerfisbundið upp á Granda síðustu tvö ár svo það hefur legið ljóst fyrir að þeir hafa viljað flytja landvinnslu og efla hana í Reykjavík, því miður á kostnað landvinnslu á Akranesi,“ segir Guðrún.

„Við verðum að bera traust til stjórnenda fyrirtækja sem við fjárfestum í. Ef það traust þrýtur þá munum við sýna það með fótunum og munum gera það ef fyrirtæki fara í aðra átt en við viljum sjá,“ bætir hún við.






# Vilja takmörk á leigu ferðamannaíbúða

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Ég hef nú alveg trú á því að við komum böndum á þetta. Það má vel una við það að fólk sé að leigja út íbúðir sínar þegar það er ekki að nota þær sjálft til að afla sér smá tekna. Okkur veitir svo sem ekkert af gistirýminu,“ segir Björn Blöndal, formaður borgarráðs, um takmarkanir á leigu íbúða fyrir ferðamenn.

Næstum sjö af hverjum tíu sem afstöðu taka í nýrri könnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis telja að takmarka eigi leigu á íbúðum til ferðamanna. Þriðjungur svarar slíkri spurningu hins vegar neitandi. Þegar svörin eru skoðuð í heild segjast 60 prósent vera fylgjandi því að takmarka útleigu á íbúðum til ferðamanna, 28 prósent svara því neitandi, 10 prósent segjast óákveðin og 2 prósent neituðu að svara spurningunni.

Í nýlegri skýrslu Íslandsbanka um ferðaþjónustuna kemur fram að á síðastliðnu ári var meðalfjöldi virkra gistirýma á Airbnb í Reykjavík 2.000, sem er tvöfalt fleiri en árið á undan. Að óbreyttu er gert ráð fyrir að fjöldi Airbnb-gistirýma muni aukast enn frekar.

Björn segir gríðarlega mikla umræðu hafa farið fram um útleigu íbúða til ferðamanna og takmarkanir á henni. Aðalatriðið sé að takmarka útleigu íbúða í atvinnustarfsemi. „Þetta er ekki deilihagkerfi þegar menn eru með tugi íbúða, einn aðili. Það á ekkert skylt við deilihagkerfið sem var upprunalega hugmyndin með þessu,“ segir Björn. Hann bendir á að möguleikar fólks til að leigja út íbúðir til ferðamanna séu nú þegar takmarkaðir í aðalskipulagi Reykjavíkurborgar frá árinu 2014. „Hins vegar höfum við ekki haft nein viðurlög fyrir þá sem gera þetta ólöglega,“ segir hann.

Með nýrri löggjöf frá Alþingi um heimagistingu, sem tóku gildi 1. janúar síðastliðinn, séu möguleikarnir takmarkaðir enn frekar. „Sem eru þess eðlis að ef þú leigir út íbúðina án þess að skrá þig og ert ekki með nein leyfi þá geturðu fengið sekt upp á allt að milljón,“ segir Björn. Samkvæmt heimildum Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu hefur þessu heimildarákvæði ekki enn verið beitt.

Könnunin var gerð dagana 20. og 21. mars. **jonhakon@frettabladid.is**

### Á að takmarka leigu á íbúðum til ferðamanna?

| | Já | Nei |
|---|---|---|
| KONUR | 74,2% | 25,8% |
| KARLAR | 62,80% | 37,20% |

Vikmörk 4,77%




# Við þökkum.

Stærsta sýning Mercedes-Benz á Íslandi frá upphafi var haldin um helgina. Við viljum þakka öllum þeim 5.000 gestum sem komu til okkar að kynna sér breiða línu Mercedes-Benz bíla. Um leið minnum við á að hinn stórglæsilegi nýi Mercedes-AMG GT er nú kominn í sýningarsal okkar, Krókhálsi 11. Þangað eru allir velkomnir til að sjá dýrðina. Við hlökkum til að sjá ykkur.

Mercedes-Benz
The best or nothing.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“
á Facebook

Brandenburg | SIA



Skjólstæðingar Gistiskýlisins bíða fyrir utan í gær en röðin myndast yfirleitt um fjögurleytið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sendir í meðferð heim til Póllands

**SAMFÉLAG** Fjórir Pólverjar eru farnir í meðferð til síns heima eftir að hafa kúldrast í Gistiskýlinu við Lindargötu í þó nokkur ár. Meðferðarúrræði hér duga ekki sökum þess að mennirnir kunna hvorki íslensku né ensku. Pólsku samtökin Barka hafa aðstoðað við að koma lífi mannanna á réttan kjöl og fylgir einn starfsmaður Barka hverjum og einum til Póllands.

Gistiskýlið hefur verið töluvert í fréttum að undanförnu en íbúar í nágrenninu eru margir hverjir ósáttir við það. Samkvæmt tölum lögreglunnar hefur verkefnum hennar í hverfinu fjölgað gríðarlega eftir að skýlið fluttist þangað, í október árið 2014. Lögreglan sinnti að meðaltali um 27 verkefnum sem tengdust aðstoð við borgara frá 2012-214. Fyrsta árið sem Gistiskýlið var starfrækt fór lögreglan í 214 slík verkefni.

Sveinn Allan Morthens, forstöðumaður Gistiskýlisins, segir að unnið sé markvist að því að hjálpa skjólstæðingunum án nokkurrar þvingunar. „Þeir sem hafa farið eru ofboðslega glaðir. Þeim er fylgt út og starfsmaður frá Barka kemur þeim inn í meðferðarúrræðið.“

Hann segist skilja vel að nágrönnum skýlisins finnist ástandið ekki í lagi. „Þetta er staðan sem er og við erum að reyna að bregðast við. Það er opið hjá okkur allan sólarhringinn og þessir einstaklingar mega koma hér á klósett, fara í sturtu og fleira. Þeir eru bara orðnir svo drukknir að þeir komast ekki neitt – sem er dapurt.“ **– bb**

# Verði jafnlaunaferlið hunsað kostar það sekt

**Frumvarp um jafnlaunavottun verður kynnt í ríkisstjórn í þessari viku. Frumvarpið tekur til fyrirtækja með 25 starfsmenn og fleiri. Fámennustu fyrirtækin hafa þrjú ár til að aðlaga sig nýjum reglum. Breið samstaða er um málið.**

**STJÓRNMÁL** Frumvarp um jafnlaunavottun er tilbúið og hefur verið sent úr félagsmálaráðuneytinu til lokayfirlestrar í forsætisráðuneytinu. Þorsteinn Víglundsson félagsmálaráðherra mun að öllum líkindum mæla fyrir frumvarpinu í ríkisstjórn í þessari viku.

Samkvæmt frumvarpinu þurfa fyrirtæki eða opinberar stofnanir með 25 starfsmenn eða fleiri að undirgangast ferli til að hljóta jafnlaunavottun. Ef fyrirtæki getur sýnt fram á að ekki ríki kynjað launamisrétti innan fyrirtækisins hlýtur fyrirtækið vottun sem gildir í þrjú ár. Að þeim þremur árum liðnum þarf ferlið að hefjast að nýju.

Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir því að þau taki gildi um næstu áramót. Stærstu fyrirtækin þurfa þá strax á því ári að undirgangast ferlið en þau minnstu, innan rammans, undirgangast ferlið að þremur árum liðnum.

Öllum fyrirtækjum sem hafa þennan fjölda starfsmanna ber lagaleg skylda til að undirgangast ferlið. Ef það er trassað hefur Jafnréttisstofa það verkefni með höndum að áminna og ýta á skil á gögnum. Ef fyrirtæki hunsar þær áminningar kemur til þess að það verður rukkað um dagsektir.

> Það er mikið umstang og rask að ráðast í þetta og þessu fylgir mikil vinna.
>
> Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda



**70%**

**af íslenskum vinnumarkaði falla undir væntanleg lög.**

Þorsteinn Víglundsson félagsmálaráðherra segir ánægjulegt að aðilar vinnumarkaðarins hafi náð saman um frumvarpið. „Eðli málsins samkvæmt fæddist upprunalega hugmyndin um jafnlaunastaðla hjá vinnumarkaðnum. Við gáfum aðilunum talsvert rúman tíma til að fara vel og vandlega yfir þetta og ná saman um málið. Það er ánægjulegt að það hafi tekist að skapa sæmilega breiða samstöðu.“

Frumvarpið fer til meðferðar hjá þinginu fljótlega. Þorsteinn leggur áherslu á að fjöldatakmörkum frumvarpsins verði ekki breytt. „Það er ekki mitt að segja þinginu fyrir verkum í þeim efnum en við leggjum áherslu á að með þessu erum við að ná til um 70 prósenta af íslenskum vinnumarkaði. Sá starfsmannafjöldi sem þarna miðast við er í samræmi við núgildandi lög um jafnréttisáætlanir.“

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, segir ánægjulegt að í frumvarpinu felist ákveðin tröppun þannig að smærri fyrirtæki hafi lengri tíma til að aðlagast nýjum reglum. „Það sem við höfum bent á er að mörg fyrirtæki á stærðarbilinu frá 25 og upp í 100 starfsmenn eru jafnvel ekki með mannauðsstjóra. Það er mikið umstang og rask að ráðast í þetta og þessu fylgir mikil vinna.“

Hann segir þó að ánægja ríki með jafnlaunavottunina yfirhöfuð. „Flestum af okkar aðildarfyrirtækjum ber saman um að vottunin sé afskaplega gagnleg og á endanum borgi hún sig væntanlega. Þessi aðlögunartími er til bóta þó að maður hefði viljað sjá eitthvað fleira koma á móti.“

**snaeros@frettabladid.is**


TILBOÐ

Á VÖLDUM BÍLUM

BÍLALAND BÝÐUR NOKKRA BÍLA Á EINSTÖKUM KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL Á FRÁBÆRU VERÐI!



www.bilaland.is



Rnr. 284099

VW Passat Ecofuel
Nýskr. 06/12, ekinn 67 þ.km, bensín, beinskiptur.
Verð áður: 2.390 þús. kr.
TILBOÐ 1.790 þús. kr.
Staðsetning: Kletthás 11



Rnr. 143727

RENAULT Megane Sport Tourer
Nýskr. 05/13, ekinn 99 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 1.990 þús. kr.
TILBOÐ 1.590 þús. kr.
Staðsetning: Kletthás 11



Rnr. 152617

NISSAN Note Acenta Plus
Nýskr. 04/15, ekinn 84 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 2.090 þús. kr.
TILBOÐ 1.750 þús. kr.
Staðsetning: Kletthás 11



Rnr. 370179

FORD Mondeo Trend
Nýskr. 12/11, ekinn 49 þ.km, dísil, beinskiptur.
Verð áður: 2.390 þús. kr.
TILBOÐ 1.890 þús. kr.
Staðsetning: Kletthás 11



Rnr. 320677

BMW X1 Xdrive18d
Nýskr. 06/15, ekinn 42 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 4.890 þús. kr.
TILBOÐ 4.290 þús. kr.
Staðsetning: Kletthás 11



Rnr. 143959

SKODA Superb Ambition
Nýskr. 05/10, ekinn 193 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 2.290 þús. kr.
TILBOÐ 1.790 þús. kr.
Staðsetning: Kletthás 11

bílaland

Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

ENNEMM / SÍA / NM81164




BORÐAPANTANIR: 552-1630
HVERFISGÖTU 56, 101 RVK

AUSTURINDIA.IS

OPNUNARTÍMI:
SUN-FIM 17:30 - 22:00
FÖS-LAU 17:30 - 23:00

## Sala Búnaðarbankans

**10. júní 2002**
Formleg sala hefst á hlut ríkisins í **Búnaðarbankanum** á sama tíma og í **Landsbankanum** með birtingu auglýsingar.

Landsbanki

**16. janúar 2003**
Samningur undirritaður milli **S-hópsins** svokallaða og ríkisins á **45,8 prósenta** eignarhlut ríkisins í Búnaðarbankanum fyrir tæpa **12 milljarða króna**. Þýski bankinn Hauck & Aufhauser kaupir **15,3 prósent** af heildarstærð bankans fyrir um 4 milljarða.


**Búnaðarbankinn seldur árið 2003.** FRÉTTABLAÐIÐ /GVA

**26. maí 2003**
Formlegri sameiningu **Búnaðarbanka Íslands** og **Kaupþings banka** lýkur eftir að hluthafar hvors banka fyrir sig gáfu samþykki sitt.

KAUPÞING

**22. febrúar 2006**
**Vilhjálmur Bjarnason** fundar með Ríkisendurskoðun og kynnir þar ný gögn og upplýsingar um aðild **Hauck & Aufhauser** að kaupunum.

**Júní 2016**
**Alþingi samþykkir rannsókn** á aðkomu Hauck & Aufhäuser að kaupum S-hópsins.




# Óljóst hvort um lögbrot er að ræða

**Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um sölu á hlut í Búnaðarbankanum verður kynnt á morgun. Aðkoma þýska bankans Hauck & Aufhäuser að kaupunum var í „reynd aðeins að nafni til“.**

**VIÐSKIPTI** „Þetta er ekki flókið mál, þetta er bara svona,“ segir Vilhjálmur Bjarnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, um fregnir þess efnis að aðkoma þýska bankans Hauck & Aufhäuser að kaupum á 45,8 prósenta hlut í Búnaðarbankanum hafi á sínum tíma verið aðeins að nafninu til í reynd. Bankinn keypti 15,3 prósenta hlut árið 2003 og að mati sérstakrar rannsóknarnefndar Alþingis voru kaupin fjármögnuð í gegnum aflandsfélag á vegum Kaupþings að því er fram kemur í gögnum sem nefndin hefur aflað sér samkvæmt bréfi nefndarinnar frá því 13. mars og Fréttablaðið hefur undir höndum og greint var frá í forsíðufrétt blaðsins í gær.

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um söluna verður kynnt á morgun. Vilhjálmur segir ómögulegt að segja hvert framhaldið verði í málinu. Hann hefur í rúman áratug verið



þeirrar skoðunar að þýski bankinn hafi aldrei verið raunverulegur eigandi að bankanum. Hann fundaði meðal annars með Ríkisendurskoðun og kynnti fyrir mönnum þar ný gögn og upplýsingar um söluna árið 2006.

Vilhjálmur segir að það sem skipti máli í rannsókn á málinu sé að fólk hafi verið blekkt með tilkynningum. Í tilkynningu frá 16. janúar 2003 hafi verið sagt að traustur erlendur banki tæki þátt í að fjárfesta í íslenskri fjármálastofnun. „Ef þetta fyrirtæki á Jómfrúaeyjum er kaupandinn, þá er þessi fréttatilkynning lygi frá upphafi.“

Vilhjálmur bætir við að tilkynning Hauck & Aufhäuser í kjölfar viðskiptanna hafi þá einnig getað verið lygi. Í henni segir meðal annars að Búnaðarbankinn sé vænleg fjárfesting en þýski bankinn telji sig einnig hafa hag af því að miðla af sérþekkingu sinni til BÍ. Vilhjálmur segir að hagsmunir bankans hafi þess í stað verið þóknun fyrir að koma fram fyrir hönd kaupenda.

Vilhjálmur telur þetta mál sérstaklega áhugavert í ljósi fregna sem eru að berast núna vegna sölu á hlut í Arion banka. „Það er forsenda fyrir því að hlutirnir séu rétt gerðir að menn fái þær upplýsingar sem máli skipta í þessu.“

Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari, sem fer með rannsóknina á vegum rannsóknarnefndar Alþingis, leggur áherslu á að niðurstaðan í málinu komi ekki fram í bréfinu sem vitnað var í í frétt gærdagsins um málið. „Það er fyrst og fremst verið að reyna að afla upplýsinga með bréfunum, endanleg niðurstaða er ekki kynnt með þeim.“ Hann segir að það sé ekki nefndarinnar að stjórna afleiðingum af niðurstöðunum. „Við erum ekki að taka afstöðu til lögbrota. Okkar verkefni er bara að upplýsa um hvað gerðist,“ segir Kjartan.

**Ef þetta fyrirtæki á Jómfrúaeyjum er kaupandinn, þá er þessi fréttatilkynning lygi frá upphafi.**

Vilhjálmur Bjarnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins



## Tilkynningin um sölu á hlutnum



**Til fjölmiðla 16. janúar 2003**
**Frá kaupendum 45,8% hlutar í Búnaðarbankanum**

**Traust fyrirtæki, hæft og gott starfsfólk, mikilvæg sóknarfæri, álitlegur fjárfestingarkostur**

Við, fulltrúar kaupenda hlutabréfa í Búnaðarbanka Íslands, færum stjórnendum bankans og viðsemjendum okkar þakkir fyrir traust og hreinskiptin samskipti í árangursríkum samningaviðræðum undanfarnar vikur.

Búnaðarbankinn er öflug og traust fjármálastofnun í farsælum rekstri með hæft og gott starfsfólk og vaxandi markaðshlutdeild. Niðurstaða áreiðanleikakönnunar, sem gerð var vegna kaupanna nú, staðfestir framangreint viðhorf okkar. Við lítum því á bankann sem afar álitlegan fjárfestingarkost og viljum stuðla að því að nýta sem best margvísleg sóknarfæri á næstu árum, bæði til meiri og betri þjónustu við almenning og fyrirtæki og til umsköpunar á íslenskum fjármálamarkaði.

Það eru mikil tíðindi að traustur, erlendur banki taki þátt í að fjárfesta í íslenskri fjármálastofnun. Búnaðarbankinn kemur til með að njóta þekkingar, reynslu og viðskiptasambanda þýska bankans í starfsemi sinni. Enn mikilvægara er að með eignarhaldi þýska bankans í Búnaðarbankanum skapast tengsl sem íslensk fyrirtæki geta notfært sér til að styrkja starfsemi sína og sókn á erlendum mörkuðum. Þetta er afar mikilvægt þegar haft er í huga að möguleikar íslenskra fyrirtækja til að vaxa verulega og dafna tengjast fyrst og fremst alþjóðlegri starfsemi.

Óljóst er hvort um lögbrot hafi verið að ræða eða hvort málið sé fyrnt þar sem svo langt er frá því að atburðirnir áttu sér stað. Að sögn lögfræðings sem Fréttablaðið ræddi við er erfitt að segja til um það fyrr en skýrslan liggur fyrir þar sem skoða þurfi regluverk hverju sinni, hvernig eignarhaldinu var háttað og ef það var falið, í hvaða tilgangi það hafi verið gert. Í sjálfu sér þurfi ekki að vera lögbrot að eiga eignir í gegnum aflandsfélög og „fela“ þannig eignarhald við kaup ef gætt er að tilkynningarskyldu, skattskyldu og reglum að öðru leyti. Hins vegar kunni að hafa þýðingu ef ætlunin var að blekkja viðsemjanda eða markaðinn með þessum hætti. Þá megi velta fyrir sér hvort hafi verið kallað eftir þessum upplýsingum. Þetta muni skýrast þegar skýrslan kemur út.

Ítrekað var reynt að ná sambandi, án árangurs, við Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, Valgerði Sverrisdóttur, fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, og Ólaf Davíðsson, fyrrverandi formann Framkvæmdanefndar um einkavæðingu, við vinnslu þessarar fréttar.

Steingrímur J. Sigfússon, sem var einn leiðtogi stjórnarandstöðunnar á tíma sölunnar, og Ólafur Þ. Hauksson, héraðssaksóknari vildu ekki tjá sig um málið fyrr en skýrslan kemur út. saeunn@frettabladid.is


**Kvika gefur út sex mánaða víxla**

**Reykjavík, 28. mars 2017**

Kvika banki hf. hefur gefið út sex mánaða víxla að fjárhæð 2.000 milljónir króna. Um er að ræða útgáfu í víxlaflokknum KVB 17 0921 og er heildarheimild flokksins 2.000 m.kr. Fjármálaeftirlitið staðfesti lýsingu vegna umsóknar um töku víxlanna til viðskipta, þann 24. mars 2017, og sótt hefur verið um töku víxlanna til viðskipta í Kauphöll Íslands.

Útprentuð eintök lýsingarinnar má nálgast í 12 mánuði frá staðfestingu hennar í höfuðstöðvum Kviku, Borgartúni 25, 105 Reykjavík. Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu Kviku. *https://www.kvika.is/um_kviku/#tab2*

KVIKA
kvika.is




FRÉTTABLAÐIÐ
# SKOÐUN

# Búum í haginn



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Í þessari viku mun fjármála- og efnahagsráðherra birta sérstaka áætlun í ríkisfjármálum sem tekur mið af áður birtri ríkisfjármálastefnu. Ríkisstjórnin ætti að setja sér metnaðarfyllri markmið og skila meiri afgangi af ríkissjóði.

Samkvæmt tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu ríkisins fyrir árin 2017-2022 er gert ráð fyrir að afgangur af rekstri ríkissjóðs verði 1,0-1,6 prósent af vergri landsframleiðslu á tímabilinu.

Á þessum vettvangi hafa áður verið færð rök fyrir því að ríkisfjármálastefnan endurspegli ekki nægilega mikinn metnað. Fjármálastefnan er byggð á þjóðhagsspá Hagstofunnar sem gerir ráð fyrir miklum hagvexti allt tímabilið. Lítið má út af bregða til að ríkissjóður verði aftur rekinn með halla á tímabilinu eins og fram kemur í umsögn Samtaka atvinnulífsins um tillöguna. Ef hagvaxtarforsendur breytast til hins verra mun þurfa að grípa til aðgerða til að mæta tekjutapi.

Tekjur ríkisins eru miklar og skattar háir og því hefur verið gott svigrúm til að skila miklum afgangi og greiða niður skuldir sem söfnuðust upp árin eftir banka- og gjaldeyrishrunið. Kerfisbundið hefur verið unnið að því að greiða niður skuldir og lækka vaxtabyrði ríkissjóðs. Hins vegar hefur þetta gengið mun hægar en aðstæður buðu upp á af því að auknum tekjum hefur oft verið varið í aukin útgjöld.

Hvar stendur Ísland í samanburði við hinar Norðurlandaþjóðirnar í ríkisfjármálum? Gert var ráð fyrir halla á rekstri danska ríkisins á síðasta ári sem nam 4,6 prósentum af vergri landsframleiðslu og 0,8 prósenta halla í Svíþjóð. Afgangurinn var hins vegar áætlaður 5,8 prósent af vergri landsframleiðslu í Noregi. Ísland kemur ágætlega út úr þessum samanburði.

Hvað með önnur ríki? Þýskaland er langöflugasta ríki Evrópusambandsins. Þýska ríkið skilaði á síðasta ári mesta tekjuafgangi frá því að Berlínarmúlinn féll 1989. Afgangurinn nam 23,7 milljörðum evra eða sem nemur 0,8 prósentum af vergri landsframleiðslu Sambandslýðveldisins Þýskalands.

Setja þarf tölfræði um ríkisfjármál í samhengi við stöðu efnahagsmála í þessum ríkjum. Ekkert þeirra ríkja sem nefnd eru hér að framan státar af sambærilegum hagvexti og hefur verið á Íslandi á síðustu árum og hvergi í Evrópu hefur verið jafn hraður uppgangur í efnahagslífinu og hér á landi ef marka má hagtölur ríkja í álfunni.

Rekstur ríkissjóðs þarf að nálgast eins og hvert annað heimilisbókhald. Það þarf að forgangsraða til brýnna verkefna. Vel er hægt að auka útgjöld til heilbrigðiskerfisins og vegagerðar en sýna aðhald annars staðar til að ná metnaðarfullum markmiðum um sparnað. Aukið aðhald gerir Seðlabankanum einnig betur kleift að lækka vexti því aðhald í ríkisrekstri myndi þýða að Seðlabankinn væri ekki einn í þeirri stöðu að hafa taumhald á þenslu í hagkerfinu.

Núna þegar ferðaþjónustan er að slá öll met og mikill uppgangur er í efnahagslífinu ætti ríkissjóður að búa í haginn og setja sér metnaðarfyllri markmið í ríkisfjármálum og skila meiri afgangi. Þá verður raunverulegt svigrúm til að auka útgjöldin í næstu niðursveiflu. Það væri ábyrg ríkisfjármálastefna.

**Rekstur ríkissjóðs þarf að nálgast eins og hvert annað heimilisbókhald.**

Íbúðalánasjóður

## Málþing um hagkvæmar íbúðir

Leitast verður við að svara því hvernig byggja má sem flestar íbúðir, með þeim fjármunum sem ríkið leggur til í stofnframlög.

**Staður:** Íbúðalánasjóður, Borgartúni 21.
**Stund:** Fimmtudaginn, 30. mars, kl. 13–16.

**Skráning á ils.is.**

www.ils.is 569 6900

BVV Byggingavettvangurinn

## Halldór




## Frá degi til dags

**Talað undir rós**

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson mætti á Sprengisand á sunnudag og ýjaði að því að sér hefði verið boðið fé til að hætta að angra erlenda kröfuhafa. Formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, Brynjar Níelsson, sagði að ráðherrann fyrrverandi þyrfti að segja hreint út hvort svo væri. Í gær sagði Sigmundur svo að hann hefði ekki verið eini ráðherrann í ríkisstjórn sinni sem fengið hefði tilboð frá aðilum á vegum vogunarsjóða. Mátti skilja það sem svo, án þess að Sigmundur Davíð segði það berum orðum, að þeir hefðu á einhverjum tímapunkti reynt að múta forsætisráðherranum fyrrverandi, til þess að fá fram hagfellda niðurstöðu í viðræðum sínum við íslensk stjórnvöld.**

**Gamli MSN-statusinn**

**Sigmundur lét orð Brynjars sem vind um eyru þjóta og sagði í Bítinu á Bylgjunni frá því að hann ætti samtölin við lobbíista kröfuhafanna niðurskrifuð og að annar ráðherra hefði einnig fengið slíkt boð. Hann vildi samt ekki segja hver það var. Orð hans minna mjög á gamla MSN-dramastatusinn „er pirraður – ekki spyrja“. MSN var eins og margir muna forveri Facebook-spjallsins og þar mátti, líkt og á Facebook-spjallinu, segja margt. Það er spurning hvort ekki sé rétt að láta dramakastið eftir þingmanninum.** joli@365.is

# Fjármálastefna til 5 ára



Oddný G. Harðardóttir
formaður þingflokks Samfylkingarinnar

Í dag verður síðari umræða á Alþingi um fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar sem er mikilvægasta þingskjal kjörtímabilsins. Í henni felst skuldbinding um hvernig haga eigi skatta- og útgjaldastefnu stjórnvalda allt kjörtímabilið. Stjórnvöld þurfa að fylgja henni eftir og ströng skilyrði eru fyrir endurskoðun hennar. Aðeins má endurskoða fjármálastefnuna ef grundvallarforsendur hennar bresta vegna efnahagsáfalla, þjóðarvár eða annarra aðstæðna, sem ógerlegt er að bregðast við með tiltækum úrræðum.

Ef ekkert svo stórkostlegt gerist þá eiga stjórnvöld að grípa til aðgerða sem leiða til þess að markmiðum fjármálastefnunnar verði náð hvort sem er á tekjuhlið, gjaldahlið eða með niðurgreiðslu skulda. Þess vegna er mikið áhyggjuefni að í stefnunni sé ekki skapað svigrúm fyrir aukin útgjöld ef forsendur hagspárinnar breytast á tímabilinu og að ekki sé horft til þess að auka tekjuflun frá efnaðasta fólki landsins og þeim fyrirtækjum sem nýta sameiginlegar auðlindir okkar í sjávarútvegi, orkuframleiðslu, stóriðju og ferðaþjónustu. Útgjaldareglan sem ríkisstjórnin setur verður til þess að ekki verður mögulegt að afla tekna til að rétta af stöðuna ef hagstæðar spár ganga ekki eftir, heldur verður að ráðast í niðurskurð á ríkisútgjöldum.

Fjármálaráð á samkvæmt lögum að leggja mat á fjármálastefnuna. Hvorki ríkisstjórnin né meirihluti fjárlaganefndar bregst við skýrum athugasemdum fjármálaráðs. Athugasemdirnar lúta m.a. að því að marka þurfi ferðaþjónustunni skýrari ramma og að afla þurfi frekari tekna frá hinum sívaxandi ferðamannafjölda. Fjármálaráðið gerir alvarlegar athugasemdir við að áætlunin tekur ekki mið af hagsveifluleiðréttingu. Væri það gert ætti áætlaður afgangur af opinberum fjármálum að vera meiri en stefnan segir til um. Af umsögn fjármálaráðs má ráða að afla þurfi aukinna tekna svo að velferðarkerfið verði ekki fórnarlamb niðurskurðar ef aðstæður breytast í hagkerfinu og að stjórnvöld geti lent í spennitreyju fjármálastefnunnar.

Fara á gamalkunna leið í ríkisfjármálum sem hægristjórnir hafa farið með íslenskt samfélag aftur og aftur. Niðurstaðan verður sú að ekki verður ráðist í aðkallandi úrbætur á samgöngukerfinu eða í heilbrigðis-, mennta- og velferðarmálum. Það er óásættanlegt og ekki í samræmi við kosningaloforð.

**Útgjaldareglan sem ríkisstjórnin setur verður til þess að ekki verður mögulegt að afla tekna til að rétta af stöðuna ef hagstæðar spár ganga ekki eftir.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Vandi hinnar óstöðugu krónu – greinum vandann

Baldur Pétursson
Björn Ólafsson
Sveinbjörn Finnsson
Sveinn Agnarsson
í efnahagsnefnd Viðreisnar

Sú stjórn er tók við völdum í janúar hefur m.a. sett sér það markmið að minnka vaxtakostnað hér á landi sem er mun þyngri fyrir heimili og atvinnulíf en í öðrum löndum. Jafnframt er heitið að draga úr þeim miklu sveiflum sem verið hafa á gengi krónunnar, en þær hafa stuðlað að óstöðugleika og skýra að nokkru hvers vegna vextir hérlendis eru að jafnaði mun hærri en í okkar helstu viðmiðunarlöndum. Fleira kemur einnig til s.s. smæð gjaldmiðilsins og óstöðugleiki í ríkisfjármálum og útflutningstekjum.

Nýverið var skipuð verkefnisstjórn til að endurmeta peninga- og gjaldmiðilsstefnu Íslands. Hún skal kanna hvaða umbætur hægt er að gera á núverandi peningastefnu, sem og að meta hvaða aðrar útfærslur á gengisstefnu koma til greina, svo sem hefðbundið fastgengi eða fastgengi í formi myntráðs. Í þessari vinnu er afar mikilvægt að opin og hleypidómalaus umræða fari fram um kosti og galla mismunandi leiða í peningamálum, þ.m.t. atriði er varða alla kostnaðarþætti viðkomandi peningastefnu – sem ekki hefur verið gert til þessa. Þetta er brýnt þar sem fagleg og rétt greining er forsenda árangursríkrar stefnumótunar. Almenningur á rétt á því að vita meira um þessi mál þar sem kostnaður núverandi peningastefnu er umtalsverður og varðar bæði fólk og fyrirtæki.

Allt frá lokum fyrri heimsstyrjaldar hefur stjórn peningamála á Íslandi verið í ólestri og gengi krónunnar verið fellt til að rétta af þjóðarskútuna eftir efnahagsleg áföll sem oftar en ekki stöfuðu af mistökum í hagstjórn. Eftir mikið fall krónunnar kringum hrun hefur krónan styrkst aftur. Síðastliðin tvö ár hefur gengi hennar hækkað um 35% gagnvart sterlingspundi, um 22% gagnvart evru og um 20% gagnvart Bandaríkjadal þrátt fyrir mikil inngrip Seðlabankans.

**Veikir samkeppnisstöðu**

Þessi gengishækkun veldur vanda hjá útflutningsgreinum, ekki síst sjávarútvegi, sprotafyrirtækjum og ferðaþjónustu, til viðbótar við háa vexti hér á landi. Þetta veikir samkeppnisaðstöðu landsins og hætta er á að grafið sé undan stöðugleika og sjálfbærum hagvexti og kaupmætti til lengri tíma. Hæpið er að reikna með að niðursveiflur séu úr sögunni þótt vel ári í bili. Þær raddir gerast nú háværari að íslensk stjórnvöld grípi í taumana og reyni að spyrna við fótum gagnvart frekari styrkingu krónunnar. Hvernig ætti að gera það í núverandi peningakerfi án verulegs kostnaðar er hins vegar ekki augljóst.

> **Viðreisn hefur lagt þunga áherslu á að tekið verði upp myntráð í stað núverandi peningastefnu.**

Vandi krónunnar endurspeglast í ýmsum myndum, s.s. mun hærri vöxtum en erlendis, miklum gengissveiflum, gjaldeyrishöftum sem að hluta eru enn til staðar, erfiðu aðgengi að erlendum fjármálamörkuðum, krónan er hvergi skráð á erlendum mörkuðum, meiri viðskiptakostnaði o.fl. Þessi vandi lendir ekki bara á fyrirtækjum – heldur einnig og ekki síður á almenningi, í formi hærri vaxta og stökkbreyttra lána á umliðnum árum.

Viðreisn hefur lagt þunga áherslu á að tekið verði upp myntráð í stað núverandi peningastefnu. Þannig er gengisstöðugleiki tryggður, dregið úr vaxtamun við útlönd og skapaður forsendur fyrir langtímaverðstöðugleika og samkeppnishæft atvinnulíf.

Til að þroska faglega og málefnalega umræðu um þessi mál, sem er grunnur að árangursríkri stefnumótun, mun Viðreisn halda fundi á næstunni sem auglýstir verða, þar sem flutt verða fagleg erindi og reynslusögur einstaklinga sagðar. Við hvetjum alla áhugasama um lækkun á kostnaði vegna hárra vaxta, gengisbreytingar og annan kostnað krónunnar til að fylgjast með og mæta.

# RÚV textar innlent efni



Margrét Magnúsdóttir
skrifstofustjóri RÚV

Helga Vala Helgadóttir skrifaði bakþanka sem birtust í Fréttablaðinu 20. mars sl. undir yfirskriftinni: Af hverju textum við ekki? Í greininni fjallar Helga um mikilvægt málefni og ber að þakka henni fyrir sitt framlag til umræðunnar. Í greininni fullyrðir Helga Vala að innlent sjónvarpsefni sé ekki textað og þar með ekki aðgengilegt öllum landsmönnum. Helgu hefur augljóslega yfirsést að þetta á ekki við um dagskrá allra miðla á Íslandi. Ríkisútvarpið, RÚV, hefur lagt ríka áherslu á að sinna textun af metnaði. Því er það okkur ljúft og skylt að upplýsa Helgu og aðra nánar um textun RÚV á innlendu dagskrárefni.

> **Í greininni fullyrðir Helga Vala að innlent sjónvarpsefni sé ekki textað og þar með ekki aðgengilegt öllum landsmönnum. Helgu hefur augljóslega yfirsést að þetta á ekki við um dagskrá allra miðla á Íslandi.**

Hjá RÚV er öll forunnin innlend dagskrá textuð eftir því sem unnt er og sama gildir um undirbúin innlend innslög í aðalfréttatíma sjónvarps. Innlendir þættir sem ekki næst að texta fyrir frumsýningu eru textaðir fyrir endursýningu.

Árið 2013 hóf RÚV einnig textun frétta í beinni útsendingu og hefur það verið gert óslitið síðan. Þegar stóratburðir verða sem snerta alla landsmenn er kallaður til rittúlkur sem túlkar jafnóðum í beinni útsendingu. Þetta á við um sviptingar í stjórnmálunum, náttúruhamfarir heima fyrir og hryðjuverk úti í heimi.

Það skal tekið fram að fréttir eru ekki alltaf tilbúnar löngu fyrir útsendingu heldur eru þær oft í vinnslu fram á síðustu stundu. Því geta átt sér stað undantekningar frá meginreglunni sem leiðir til þess að einstaka fréttir eru ekki textaðar í heild, heldur eru meginatriði þeirra einungis dregin saman.

Ríkisútvarpið kappkostar að mæta ólíkum þörfum eins og kostur er og hefur aukið textunarþjónustu á undanförnum misserum. Við vonumst til að halda áfram að bæta þjónustu okkar og tökum því ábendingum um umbætur fagnandi í gegnum vefgátt á vef okkar RÚV.is.

NISSAN
Innovation that excites

NISSAN MICRA
NETTUR, ÓDÝR OG HLAÐINN BÚNAÐI



NISSAN MICRA VISIA
ELDSNEYTISNOTKUN 5,0 L/100 KM*
SJÁLFSKIPTUR. VERÐ: 2.090.000 KR.

Staðalbúnaður er meðal annars: Handfrjáls Bluetooth símabúnaður, hiti í sætum, aðgerðahnappar í stýri, rafknúið léttstýri, ESP stöðugleikastýring, AUX tengi fyrir iPod o.fl.

*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
ENNEMM / SIA / NM80641

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

## Snæfellsliðið fékk tvenn stærstu verðlaunin í gær



**KÖRFUBOLTI** Snæfell átti bæði besta leikmanninn, Aaryn Ellenberg, og besta þjálfarann, Inga Þór Steinþórsson, í seinni umferð Domino's-deildar kvenna en verðlaunin voru tilkynnt í Körfuboltakvöldi á Stöð 2 Sport í gærkvöldi.

Aaryn Ellenberg fór fyrir frábærri seinni umferð Snæfellsliðsins sem vann þar 13 af 15 leikjum sínum og tryggði sér deildarmeistaratitilinn. Ingi Þór var þá að vinna tólfta titil sinn sem þjálfari kvennaliðs Snæfells.

Auk Aaryn í úrvalsliðinu voru þær Berglind Gunnarsdóttir úr Snæfelli, Ragna Margrét Brynjarsdóttir úr Stjörnunni, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir úr Skallagrími og Thelma Dís Ágústsdóttir úr Keflavík. Salbjörg Ragna Sævarsdóttir úr Keflavík var valin besti varnarmaður seinni hlutans og liðsfélagi hennar úr Keflavík, Birna Valgerður Benónýsdóttir, var valin besti ungi leikmaðurinn. Sigmundur Már Herbertsson var valinn besti dómarinn. – óój


# Breytingar í vændum

KPMG | BORGARTÚNI 27 | 8. HÆÐ
FIMMTUD. 30. MARS | 8:30 - 10:00

**Fróðleikur á fimmtudegi tekur að þessu sinni fyrir efni sem skiptir miklu máli fyrir endurskoðunarnefndir og stjórnendur.**

- **Endurskoðun - aukið gagnsæi**
  Margret Flóvenz
- **Áhættustýring - hver gerir hvað?**
  Helga Harðardóttir
- **Gagnaöryggi - nýtt regluverk. Ertu tilbúin?**
  Ingi Tómasson
- **Netöryggi - áhættur og áskoranir**
  Davíð Halldórsson

**Skráning er á kpmg.is**



KPMG




Stjörnukonan Ragna Margrét Brynjarsdóttir og Snæfellingurinn Berglind Gunnarsdóttur brugðu á leik með nýja bikarinn sem nú verður keppt um í fyrsta sinn. Báðar voru valdar í úrvalslið seinni hlutans. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Allar spá þær Snæfelli og Keflavík í úrslitin

**Úrslitakeppni Domino's-deildar kvenna hefst í kvöld á heimavelli Íslandsmeistara Snæfells í Stykkishólmi. Fréttablaðið fékk sjö leikmenn úr hinum liðum deildarinnar til að spá um hvaða lið komist í lokaúrslitin í ár.**

**KÖRFUBOLTI** Róðurinn verður þungur fyrir félögin tvö sem stíga í vikunni sín fyrstu spor í úrslitakeppni kvenna ef marka má þá sjö leikmenn Domino's-deildar kvenna sem Fréttablaðið leitaði til. Spámannahópurinn er sammála um það að Snæfell og Keflavík spili til úrslita um titilinn í ár og allar nema tvær spá því að Snæfellsliðið verði Íslandsmeistari

Snæfellsstelpur fá nú tækifæri til að gera það sem engu kvennaliði hefur tekist áður í sögu úrslitakeppninnar sem er að vinna Íslandsmeistaratitilinn fjögur ár í röð. Snæfell vann sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil vorið 2014 og hefur ekki sleppt honum síðan. Heimavöllurinn hefur gegnt þar stóru hlutverki og þar hefur Snæfellsliðið unnið alla þrettán leiki sína í úrslitakeppninni undanfarin þrjú tímabil. Það þarf að breytast ætli lið að ná titlinum úr Hólminum.

Lið Skallagríms og Stjörnunnar eru bæði að skrifa sögu síns félags með því að komast í úrslitakeppnina í fyrsta sinn. Þetta eru nýliðar deildarinnar undanfarin tvö tímabil og hafa bæði lið aukið fjölbreytni flórunnar í kvennakörfunni með metnaðarfullri uppbyggingu kvennaliða sinna. Nú eru þær mættar á stærsta sviðið en í vegi fyrir þeim standa tvö sigursælustu kvennalið síðustu ára.

### Samantekt á spánni

**Snæfell – Stjarnan 7-0**
Fjórar spá 3-1
Tvær spá 3-0
Ein spáir 3-2

**Keflavík – Skallagrímur 7-0**
Fimm spá 3-2
Tvær spá 3-1

**Íslandsmeistarar**
Fimm spá Snæfelli sigri
Tvær spá Keflavík sigri

Spámenn Fréttablaðsins hafa miklu meiri trú á fastagestum úrslitakeppninnar síðustu ár, Íslandsmeisturum Snæfells og bikarmeisturum Keflavíkur. Það er líka margt með þeim. Þau eru tvö efstu liðin í deildinni, bæði með heimavallarréttinn í sínum einvígum og hafa spilað best eftir áramót. Þau hafa líka bæði unnið 4 af 5 deildar- og bikarleikjum gegn mótherjum sínum í úrslitakeppni.

Sería Snæfells og Stjörnunnar hefst í Stykkishólmi í kvöld en á morgun tekur Keflavík síðan á móti Skallagrími. Allir leikirnir verða sýndir beint á sportstöðvum 365.

ooj@frettabladid.is

### Spákonur okkar í ár

**Helena Sverrisdóttir, Haukum**
Snæfell – Stjarnan 3-1
Keflavík – Skallagrímur 3-2

**Guðbjörg Sverrisdóttir, Val**
Snæfell – Stjarnan 3-0
Keflavík – Skallagrímur 3-2

**Ína María Einarsd., Njarðvík**
Snæfell – Stjarnan: 3-1
Keflavík – Skallagrímur: 3-1

**Ingunn Embla Kristínardóttir, Grindavík**
Snæfell – Stjarnan 3-2
Keflavík – Skallagrímur 3-1

**Hallveig Jónsdóttir, Val**
Snæfell – Stjarnan 3-0
Keflavík – Skallagrímur 3-2

**Þóra Kristín Jónsd., Haukum**
Snæfell – Stjarnan 3-1
Keflavík – Skallagrímur 3-2

**María Ben Erlingsdóttir, Grindavík**
Snæfell – Stjarnan 3-1
Keflavík – Skallagrímur 3-2

Íslandsmeistaraspá þeirra

# Fólk

ÞRIÐJUDAGUR 28. MARS 2017

## Heilsa





**Gróa Másdóttir lærði fornleifafræði en hefur kennt jóga í meira en áratug. Hún undirbýr jógaferð á Hornstrandir í sumar.**

heilsa ➜6

# Prógastró GULL – öflugt fyrir þarmaflóruna

Prógastró GULL er ný útgáfa af Prógastró DDS+ en í hverju hylki af GULL útgáfunni eru að minnska kosti 15 milljarðar góðgerla sem byggja upp og viðhalda öflugri þarmaflóru.

➜2

GARÐS APÓTEK
- rétt leið
Einkarekið apótek í 60 ár
Lágt lyfjaverð - góð þjónusta
Sogavegi við Réttarholtsveg
Opið kl. 9-18 virka daga | Sími 568 0990 | www.gardsapotek.is
Appótek: www.appotek.is

Í hverju hylki af GULL útgáfunni eru a.m.k. 15 milljarðar góðgerla sem byggja upp og viðhalda öflugri þarmaflóru. Prógastró hefur reynst þeim vel sem þjást t.d. af uppþembu, magaónotum, meltingarvandamálum og erfiðum hægðum.



Þarmaflóran breytist með aldrinum.




### Þarmaflóra, ónæmiskerfi og geðheilsa

Meginþorri heilbrigðra einstaklinga hefur svipaða þarmaflóru en hún er að þróast og dafna hjá okkur alla ævi. Nýlegar rannsóknir hafa einnig leitt í ljós að samsetning þarmaflórunnar breytist með aldrinum. Helst er talið að breytingarnar stafi af því að meltingin versni með aldrinum og fyrir vikið eigi gerlarnir erfiðara uppdráttar í þörmunum. Þarmaflóran ver okkur gegn óæskilegum örverum og hefur margs konar áhrif á heila- og taugakerfið, þar með talið geðheilsu. Öflug og rétt samsett þarmaflóra er grunnurinn að sterku ónæmiskerfi og oftar en ekki er hægt að rekja ýmsa líkamlega sem og andlega veikleika til lélegrar þarmaflóru.

**Að byggja upp öfluga þarmaflóru getur tekið tíma. Ef hún hefur verið lengi í ójafnvægi eða orðið fyrir miklu raski þarf að huga sérstaklega að því að taka inn öfluga mjólkursýrugerla því hollur matur er ekki alltaf nóg.**

**1 hylki á dag – 2 mánaða skammtur**

### Hvað raskar þarmaflórunni?

Ástæður þess að þarmaflóran getur raskast eru margar. Atriði eins og veikindi, niðurgangur, þarmabólgur, langvarandi harðlífi, sýklalyfjanotkun, verkjalyf, hægðalyf, andlegt áfall eða langavarandi álag eru þarmaflórunni afar óhagstæð. Einnig skiptir mataræði miklu en sykur og unnin matvæli geta verið mikill skaðvaldur.

Afleiðingarnar geta verið langvarandi og erfiðar þegar þarmaflóran hefur raskast og af margvíslegum toga. Það er einnig algengt að við tengjum þær ekki við orsakirnar, þ.e.a.s. þarmaflóruna.

### Prógastró GULL – himnasending fyrir meltinguna

Nú er komið á markað Prógastró GULL sem er mun öflugra en eldri gerðin og einnig hagkvæmara. Dagskammtur er einungis 1 hylki og inniheldur það a.m.k. 15 milljarða gall- og sýruþolinna gerla sem margfalda sig í þörmunum. Sannkölluð himnasending fyrir meltinguna.

### Hverjir þurfa gerla?

Fólk á öllum aldri getur þurft að taka inn mjólkursýrugerla. Með hækkandi aldri aukast líkurnar á lélegri þarmaflóru og þá er ærin ástæða til að taka inn góða mjólkursýrugerla. Einkenni sem hrjá marga með lélega þarmaflóru eru t.d.: uppþemba, erfiðar hægðir, ýmiss konar húðkvillar, sveppasýkingar, svefnvandamál, fæðuóþol og krampar.

Einnig hafa rannsóknir sýnt að skýringa á andlegri vanlíðan eins og kvíða og þunglyndi sé einkum að leita í þarmaflóru okkar.

Á einni mannsævi fara að meðaltali um 35 tonn af mat gegnum þarmana þannig að það skiptir miklu máli að meltingarfærin séu heilbrigð. Til þess að þau starfi rétt er mikilvægt að neyta hollrar fæðu ásamt því að taka reglulega inn mjólkursýrugerla. Þannig má draga verulega úr líkum á óþægindum út frá meltingarvegi og jafnvel fyrirbyggja sjúkdóma.

Sölustaðir: Apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana og stórmarkaða.

# Balsam styrkir nýjan samfélagssjóð Bláa naglans

Samfélagssjóður Bláa naglans var stofnaður í gær á fimm ára afmælisdegi Bláa naglans. Sjóðurinn á að styrkja grunnrannsóknir krabbameina. Balsam er eitt þeirra fyrirtækja sem munu styrkja sjóðinn í apríl.

Jóhann Reynisson er upphafsmaður Bláa naglans og hefur starfað ötullega að verkefninu í fimm ár og á þeim tíma styrkt ýmis þörf málefni sem snúa að krabbameinsrannsóknum. „Í tilefni af fimm ára afmæli átaksins var ákveðið að stofna Samfélagssjóð Bláa naglans sem styrkja á grunnrannsóknir krabbameina,“ segir Jóhann.

Hann segir eitt helsta baráttumál sitt vera að auka möguleika á snemmgreiningu. „Snemmgreining á breytilegu genamengi er greining meins áður en það greinist í líffæri. Þá er blóðprufa tekin kerfisbundið á 5 ára fresti til rannsókna á DNA-RNA frá tvítugsaldri.

Ávinningur af snemmgreiningu er sá að mun líklegra verður að mögulegt sé að greina krabbamein á grunnstigi. Annar ávinningur er meiri líkur á minni lyfjaskömmtum og þá minni aukaverkanir auk lægri lyfjakostnaðar,“ útskýrir Jóhann. Hann telur nýja hugsun og nýja nálgun munu einkenna krabbameinsrannsóknir í framtíðinni. „Læknavísindin stefna nú í þá átt að hægt verði að drepa krabbameinsfrumur nánast í „fæðingu“. Íslenskir læknar og líffræðingar standa framarlega í þessu starfi. Við þurfum að vera virkir þátttakendur með því að styðja við bakið á þessum rannsóknum.“




Jóhann og Margrét Rós eru afar sátt við samstarfið. MYND/GVA

Jóhann segir töluverðan áhuga bæði hjá fólki og fyrirtækjum að styrkja samfélagssjóðinn sem mun hafa aðsetur í húsi Íslenskrar erfðagreiningar. „Hugmyndin er að finna 365 fyrirtæki á 365 dögum sem eru til í að styrkja sjóðinn um 10 þúsund krónur á mánuði. Það gerir 48,3 milljónir,“ segir Jóhann og ítrekar að allur peningur sem safnist skili sér í rannsóknir. Hann segir stuðning á borð við þann sem Balsam nú veitir ómetanlegan en einstaklingar geta einnig styrkt sjóðinn. Nánari upplýsingar má finna á Facebook-síðu Bláa naglans.

**Læknavísindin stefna nú í þá átt að hægt verði að drepa krabbameinsfrumur nánast í „fæðingu“.**

Jóhann Reynisson

### Balsam styrkir Bláa naglann

„Okkur fannst þetta frábært málefni til að styrkja,“ segir Margrét Rós Einarsdóttir, sölu- og markaðsstjóri Balsams ehf. Í aprílmánuði munu 100 krónur af hverri seldri dollu af Curcumin renna til Bláa naglans. „Curcumin er okkar vinsælasta vara. Við verðum með átak í öllum verslunum sem selja Curcumin um að hafa vöruna sýnilega og minna um leið á Bláa naglann,“ upplýsir hún.

Curcumin fæst í öllum apótekum, Heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaða.

## CURCUMIN frá Natural Health Labs

Curcumin, oft kallað „Gullkryddið“, er allt að 50 sinnum áhrifameira en hefðbundið túrmerik! CURCUMIN er virka innihaldsefnið í túrmerik og hefur verið notað til lækninga og matargerðar í Asíu í þúsundir ára.

### Nýtt og endurbætt Curcumin með svörtum pipar

Frásog eða upptaka curcumins í blóðið er hæg, eins brotnar curcumin hratt niður í líkamanum sem dregur úr virkni. Piperine sem er virka efnið í svörtum pipar hefur reynst vel til að auka virknina, en piperine dregur úr niðurbrotinu á curcumin og margfaldar upptöku eða frásog á curcumin sem gerir það mun virkara.

Hátt í 3.000 rannsóknir hafa verið gerðar á þessari undrarót sem sýna að curcumin getur haft mjög jákvæða virkni á líkamlega heilsu fólks.



# PANTAÐU SNEMMA OG FÁÐU STEININN SETTAN UPP TÍMANLEGA FYRIR SUMARIÐ

ÁLETRUN OG UPPSETNING ERU INNIFALIN Í VERÐUNUM




FYLGIHLUTIR FYLGJA EKKI MEÐ
AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

# Mikilvægt að opna á líðan sína

Boðið verður upp á fræðslufyrirlestur á morgun á vegum Sálfræðingafélags Íslands. Tveir sálfræðingar munu fjalla um helstu einkenni þunglyndis hjá börnum og fullorðnum og kynna árangursríkar leiðir til að ná tökum á því.

Sálfræðingafélag Íslands stendur fyrir opnum fræðslufyrirlestri í kvöld kl. 20.30-22 á Hilton Reykjavík Nordica undir heitinu Hvað er með þetta þunglyndi? Fyrirlesturinn er haldinn í tilefni Sálfræðiþings, sem hefst á morgun, og Alþjóða heilbrigðisdagsins. Þar munu sálfræðingarnir Guðríður Þóra Gísladóttir og Helgi Héðinsson fjalla um helstu einkenni þunglyndis hjá börnum og fullorðnum og kynna árangursríkar leiðir til að ná tökum á því. Einnig gefa þau hagnýt ráð sem geta dregið úr þunglyndi og bætt líðan og leiðbeina um hvert hægt er að leita þegar frekari aðstoðar er þörf.

Í fyrirlestri sínum á morgun ætlar Guðríður Þóra Gísladóttir að fjalla um þunglyndi hjá börnum og unglingum. „Ég mun fjalla um helstu einkenni eftir þroska og aldri, áhættuþætti, hvenær einkenni eru þess eðlis að þörf er á því að leita aðstoðar og þá hvernig aðstandendur geti brugðist við, bæði hvað þeir geta gert sjálfir og hvert er hægt að leita eftir aðstoð.“



Helgi Héðinsson sálfræðingur heldur erindi á morgun.

### Fræðsla skiptir máli

Aðspurð um árangursríkar leiðir til að ná tökum á þunglyndi barna segir hún minna hægt að vinna beint með hugræna þáttinn, áherslan verði alltaf meiri á atferlisþáttinn. „Eftir því sem barnið eldist er hægt að vinna meira með hugræna þáttinn og þá er helst mælt með hugrænni atferlismeðferð. Oft þarf einnig lyf með en þó alltaf í samráði við lækni. Sem forvörn er mikilvægt að skapa umhverfi þar sem barnið og unglingurinn finnur að hann getur tjáð sig og það sé traust í samskiptum. Einnig er mikilvægt að aðstoða barnið, og ekki síður unglinginn, við að halda góðri rútínu í kringum svefn og mataræði og að það sé virkt í íþróttum og tómstundum. Viðvörunarbjöllur ættu að klingja t.d. ef unglingurinn missir skyndilega áhuga á öllum tómstundum, einangrar sig, sefur illa o.s.frv. Þá er mikilvægt að grípa inn í.“

Helgi Héðinsson mun hins vegar fjalla um helstu einkenni þunglyndis hjá fullorðnum og segist ætla að leggja mesta áherslu á hagnýt ráð í baráttunni við þunglyndi. Hann segir ýmsar árangursríkar leiðir fyrir fullorðna til að ná tökum á þunglyndi. „Fyrsta skrefið er að afla sér fræðslu um þunglyndi. Samkvæmt klínískum leiðbeiningum er mælt með hugrænni atferlismeðferð sem fyrsta kosti þar sem sú meðferð hefur sýnt mestan árangur í rannsóknum. Á almennari nótum þá er mikilvægt að fólk sem líður illa opni á líðan sína fyrir einhverjum sem það treystir, hvort sem það er aðstandandi eða fagaðili. Svo þarf að byrja að fikra sig í þá átt að rjúfa vítahring þunglyndis.“

> **Félagið vill stuðla að enn meiri umræðu um þessi mál í samfélaginu og gefa fólki kost á að njóta góðrar fræðslu fagfólks.**
>
> Hrund Þrándardóttir

### Aukinn áhugi

Hrund Þrándardóttir, formaður stjórnar Sálfræðingafélags Íslands, er fundarstjóri. Þetta er í annað sinn sem félagið stendur fyrir fræðslufyrirlestri í tengslum við árlegt Sálfræðiþing sem nú er verið að halda í níunda sinn. „Ástæða þess að ákveðið var að bjóða upp á svona viðburði tengda þinginu er mjög vaxandi áhugi almennings á sálfræði og geðheilbrigðismálum sem eru ekki lengur sama tabú og áður fyrr. Félagið vill stuðla að enn meiri umræðu um þessi mál í samfélaginu og gefa fólki kost á að njóta góðrar fræðslu fagfólks. Aðgengi fólks að viðeigandi meðferð við mörgum geðsjúkdómum, vegna takmarkaðs aðgengis að sálfræðiþjónustu, er því miður ekki nógu gott þó það fari heldur batnandi. Aukin umræða getur verið liður í að bæta úr því og oft er það að tala um hlutina eða fá fræðslu um þá, fyrsta skrefið varðandi það að leita sér hjálpar.“

Fyrirlesturinn er á morgun, miðvikudag, á Hilton Reykjavík Nordica og stendur yfir frá kl. 20.30-22. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.



„Viðvörunarbjöllur ættu að klingja t.d. ef unglingurinn missir skyndilega áhuga á öllum tómstundum, einangrar sig, sefur illa,“ segir Guðríður Þóra Gísladóttir sálfræðingur, annar fyrirlesara á opnum fræðslufyrirlestri á morgun. MYND/VILHELM

# Neutral - heilbrigði og fegurð án aukefna

Með andlitslínunni frá Neutral er með góðri samvisku hægt að hugsa vel um húðina því í henni eru engin ilm- og litarefni, paraben eða alkóhól.

Á hverjum degi notar fólk alls konar húðvörur til að hreinsa og mýkja húðina. Margar þeirra innihalda bæði ilmefni og önnur óæskileg aukefni og úr verður kokteill af aukefnum sem eykur líkurnar á snertiofnæmi.

Margar snyrtivörur eru merktar sem náttúrulegar eða lífrænar en það er ekki trygging fyrir því að þær innihaldi ekki ofnæmisvaldandi efni. Fái fólk ofnæmi fyrir ilmefnum losnar það aldrei við það aftur en þess má geta að Íslendingum með ofnæmi fer sífellt fjölgandi.

Neutral andlitslínan býður upp á ilmefna- og aukefnalausan valkost. Hún er algerlega án ilmefna, litarefna og parabena en jafnframt gæðavörur sem gera mikið fyrir húðina.

Allar vörur frá Neutral bera merki dönsku astma- og ofnæmissamtakanna sem er trygging fyrir því að efnafræðingar hafa metið innihald varanna gaumgæfilega og gengið úr skugga um að þær séu á engan hátt skaðlegar húðinni. Fólk þarf því ekki að þekkja innihaldsefnin og hafa áhyggjur af skaðlegum efnum í húðvörunum – það er búið að kanna það.

- Face Cream er milt rakakrem fyrir allar húðtýpur, smýgur auðveldlega inn í húðina og gerir hana mjúka og teygjanlega. Inniheldur E-vítamín og glýserín sem vernda húðina og vinna á móti húðertingu. Kremið er með handhægri pumpu sem auðveldar skömmtun og hindrar að óhreinindi komist í kremið við notkun.
- Face Wash er mild og rakagefandi hreinsifroða sem hreinsar burt krem, farða og óhreinindi án þess að þurrka húðina. Flaskan er með handhægum froðuskammtara sem auðveldar notkun.
- Skin Tonic er rakagefandi andlitsvatn án alkóhóls. Fjarlægir leifar af hreinsivörum, lokar húðholunum og frískar upp húðina án þess að skapa strekkta tilfinningu í henni. Inniheldur Allantoin og Panthenol B5 pro-vítamín sem vernda húðina. Flaskan er með sniðugum pumpubúnaði sem auðveldar notkun.
- Makeup Removal Wipes eru mildir hreinsiklútar sem fjarlægja farða og vatnsheldan maskara ásamt því að viðhalda raka í húðinni. Pakkningin er með loki sem hindrar að klútarnir þorni upp.

## Andlitslínan frá Neutral

Með andlitslínunni frá Neutral getur þú með góðri samvisku hugsað vel um húðina því að í henni eru engin ilm- og litarefni, paraben eða alkóhól. Ofnæmiskrans dönsku astma- og ofnæmissamtakanna og Svansmerkið eru trygging þín fyrir því að varan innihaldi engin efni sem eru skaðleg fyrir þig eða umhverfið.




Engin ilm- og litarefni, parapen eða alkóhól eru í Neutral vörunum.

# Húsnæði & viðhald

Kynningar:
Fyrirtak
K2 Loftstokkahreinsun

ÞRIÐJUDAGUR 28. MARS 2017



MYND/GVA

# Þetta hús er langtímaverkefni

Hjónin Ágúst Guðmundsson og Ólöf Elísabet Þórðardóttir hafa unnið ötullega að endurbótum á húsi sínu við Sogaveg. Fyrir tveimur árum tóku þau risið í gegn og þurftu meðal annars að eiga við asbest. →2

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
ALHLIÐA MÚRVERK
ÞAKVIÐGERÐIR
GLUGGASKIPTI
Hafðu samband
info@husavidgerdir.is
Sími 565-7070
Finndu okkur á Facebook



Ágúst lagði nótt við dag við að klára risið enda stóðu fyrir dyrum húsaskipti við fólk í útlöndum.





Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Ágúst og Ólöf Elísabet keyptu gamalt bárujárnshús við Sogaveg árið 2002 og hafa endurbætt það að stórum hluta. „Við höfum grafið í kringum húsið og drenað, við dýpkuðum gólfið í kjallaranum og innréttuðum hann frá a til ö. Þá klæddum við húsið að utan og bættum við nokkrum gluggum,“ segir Ágúst sem er rafvirki að mennt og greinilega handlaginn mjög enda hafa þau hjónin staðið sjálf í flestum framkvæmdunum.

„Við smíðuðum líka nýjan stiga alveg úr kjallara og upp í ris,“ segir Ágúst en við það varð fyrirkomulagið í risinu fremur óhentugt þannig að ganga þurfti inn í eitt herbergi til að komast yfir í næsta rými. Fyrir tveimur árum ákváðu þau því að taka risið í gegn.

Fyrsta verkefnið, fyrir utan að flytja allt dótið úr risinu, var að eiga við asbest sem þau vissu að leyndist í loft- og veggplötum. Slík er nokkuð mikið verk en sækja þarf um leyfi til að hreyfa við asbesti og asbestsérfræðing þarf til að sjá um verkið. „Við plöstuðum leiðina út, síðan þurfti að pakka öllu asbesti inn í plast og aka með það í förgun.“

Þegar búið var að rífa allt inn að grind var næsta verkefni að styrkja gólfið sem dúaði eftir að teknar voru burt súðageymslur. Síðan var loftið milli riss og aðalhæðarinnar einangrað áður en loftið var einangrað og þiljað og nýir milliveggir settir upp. „Við endurhönnuðum allt skipulagið. Það sem áður voru tvö lítil herbergi og eitt stórt leikrými er núna tvö stór herbergi,“ segir Ágúst en dætur hjónanna ráða nú ríkjum í risinu og eru afar ánægðar með nýju herbergin sín.

Verkið tók ekki langan tíma miðað við að þau gerðu allt sjálf eftir vinnu. Hafist var handa í byrjun febrúar og verkinu lokið í byrjun júní. „Við vorum undir tímapressu þar sem við höfðum skipulagt húsaskipti í júní. Það varð líklega til þess að við kláruðum fyrr en annars,“ segir Ágúst sem fannst mjög kærkomið að komast í frí eftir afar erfiða törn enda fóru öll kvöld og helgar í endurbæturnar.

Hann segir ýmis verkefni bíða enn, en líklega gætu þau þó tafist enn um sinn enda huga þau hjónin nú að því að byggja sér sumarbústað. „Þetta er því algert langtímaverkefni,“ segir hann kíminn.



Ólöf Elísabet og Ágúst hafa unnið flestar endurbætur sjálf. Hér eru þau í stiganum sem þau smíðuðu á milli hæða. Tíkin Konny fylgist með. MYND/GVA



Allt var rifið úr risinu, alveg inn að grind. Þó nokkur vinna var að fjarlægja asbest sem veggir og loft voru klædd með .

> „Við vorum undir tímapressu þar sem við höfðum skipulagt húsaskipti í júní. Það varð líklega til þess að við kláruðum fyrr en annars.
>
> Ágúst Guðmundsson



Húsið við Sogaveg er afskaplega laglegt enda vel við haldið af þeim hjónum.




Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Veffang: Visir.is

# HREINLÆTISTÆKJAÚRVAL!

## Á LÆGRA VERÐI VEGNA HAGSTÆÐS GENGIS



OULIN

Oulin Florens eldhústæki
**10.990**

reddot winner | iF product design award



Oulin Stálvaskur F301A
1 hólf 50x45cm 1,2mm*
**18.890**

**BOZZ**
**sturtuklefar**
90x90cm
**39.900**

80x80cm
**36.900**
Fást einnig rúnnaðir
90x90 klefar
Sturtustöng og -brúsa fylgja.

Vatnslás og botnventill frá
McAlpine á **kr. 1.490**





GUOREN

Guoren TLY
Sturtusett
**36.990**

### HANDKLÆÐAOFNAR

**Verðdæmi:**
Beinn hvítur
50x80cm kr. **7.890**

Boginn hvítur
60x120cm kr. **10.890**

Beinnn króm
50x120cm kr. **16.890**

Boginn króm
50x80cm kr. **12.890**



Swift snagi, burstað
stál, mikið úrval
**1.390**



Ceravid Bathline Classic baðkar
170x75cm
**17.890**



CERAVID

CERAVID



Ceravid upphengt
WC- með setu
**15.780**

**Mikið úrval af EVIDRAIN niðurföllum og rennum í baðherbergið**

AQUA 25 cm
**12.990**





Ceravid WC, kassi, hnappur
og hæglokandi seta
**37.890**

MÚR BÚÐAR VERÐ

GUOREN IDO SCHÜTTE
the bathco BOZZ OULIN CERAVID

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, lau. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

* þykkt á stáli

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!




TEGUND: EIK NOUVEAU BLONDE


Kährs
dagar
HÖRKU AFSLÁTTUR
AF VÖNDUÐUM
VIÐARGÓLFUM
VERÐ FRÁ 3.990 kr. m²
BORÐLEGGJANDI GÆÐI
Birgisson
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is


Rör fyrir hreinsun.


Rör eftir hreinsun.

# Hreinsun loftræstikerfa mikilvæg heilsunnar vegna

## Loftstokkahreinsunin K2 ehf. sérhæfir sig í hreinsun og sótthreinsun loftræstikerfa og sinnir bæði fyrirtækjum og einstaklingum. K2 býður upp á ástandsskoðun loftræstikerfa og metur hvort tími sé kominn á hreinsun.

Loftstokkahreinsunin K2 ehf. hefur áratuga langa reynslu af hreinsun loftræstikerfa hér á landi og sinnir bæði fyrirtækjum og einstaklingum. Magnús Ásmundsson, verkstjóri hjá K2, segir sérlega mikilvægt að hreinsa loftræstikerfi reglulega, eða áður en óhreinindi í þeim skaði heilsu fólks. „Í fjölbýlishúsum er loftræstingin oftast í gluggalausum baðherbergjum og geymslum. Mikilvægt er að loftræstingin nái að losa raka og hita sem safnast upp því þegar loftstokkar eru óhreinir og ná ekki að loftræsta rýmið er hætta á að raki þéttist í herberginu. Það getur leitt til skemmda eða jafnvel myglu.“


Mjúkur barki fyrir hreinsun.


Mjúkur barki eftir hreinsun.

### Hreinsað fyrir hverja íbúð

Þegar þörf er á hreinsun mæta starfsmenn K2 á staðinn, fara upp á þak eða lagnaloft og hreinsa þaðan loftræstistokka niður í hverja íbúð fyrir sig. „Í sumum tilfellum er stokkarnir sótthreinsaðir. Sé blásari til staðar er hann einnig hreinsaður,“ segir Magnús.

Að hreinsun lokinni þarf að fara inn í allar íbúðir í húsinu sem tengjast loftræstingunni. „Þá er lofttúðan tekin út og þrifin og það sem eftir á að þrífa af loftstokknum. Af þessu er lítið ónæði fyrir íbúa hússins því hreinsun af þessu tagi tekur yfirleitt ekki meira en 10-15 mínútur.“

### Bjóða upp á fría ástandsskoðun

Magnús segir æskilegt að hreinsa útsogskerfi frá baðherbergjum á 3-5 ára fresti. „Við hjá K2 bjóðum upp á ástandsskoðun loftræstikerfa og mat á því hvort tími sé kominn á hreinsun. Ekkert er rukkað fyrir þá þjónustu á höfuðborgarsvæðinu.“

Að sögn Magnúsar kemur stundum upp sú staða að starfsmaður K2 mæti til að skoða loftræstingu og þá komi í ljós að ekki sé þörf á hreinsun. „Þá þarf bara að skrúfa túðuna úr og þrífa og það geta allir gert sjálfir. Sú aðgerð er gerð þannig að miðjan er skrúfuð úr, túðunni er snúið til að losa hana frá og hún síðan skoluð með vatni og síðan fest á sinn stað.“

Nánari upplýsingar í síma 775-7770 og 557-7000. www.k2.is.


limtrevirnet.is



Andlit hússins
er bílskúrshurð frá Límtré Vírnet
Stuttur afgreiðslutími – uppsetningarþjónusta
Söluaðili: HÚSASMIÐJAN
LímtréVírnet
Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350
Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur
Netfang - sala@limtrevirnet.is


## Lært á YouTube

Samfélagsmiðillinn YouTube er stútfullur af skemmtilegur rásum sem kenna almenningi (og lengra komnum) ýmis góð ráð þegar kemur að ýmsu heimilisviðhaldi. Þar kynna t.d. smiðir, rafvirkjar, pípulagningamenn, garðyrkjufræðingar, málarar og einfaldlega handlagið fólk ýmsar einfaldar lausnir á misflóknum vandamálum. Hvernig á að leggja parket? Hvernig tengi ég ljós? Hvernig laga ég rispurnar í borðinu? Meðal vinsælla rása má nefna Home Repair Tutor, House Improvements og Home Addition Plus.









Fyrirtak tekur að sér öll helstu verkefni sem snerta viðhald og breytingar á fasteignum.





Fallega máluð hús eru sannarlega bæjarprýði.

# Fyrirtak málningarþjónusta: Allt almennt fasteignaviðhald

Fyrirtak málningarþjónusta ehf. hefur þjónað fyrirtækjum, stofnunum, húsfélögum og heimilum til margra ára. Fyrirtækið tekur að sér öll helstu verkefni sem koma að viðhaldi og breytingum á fasteignum, innan sem utan.



Málning er oftar en ekki eina vörnin fyrir veðri og vindum.

Ámundi S. Tómasson er framkvæmda- og verkefnastjóri Fyrirtaks en hann hefur rekið fyrirtækið með góðum árangri í mörg ár, enda býr hann að mikilli reynslu í málun og viðhaldi húsa.

„Hjá fyrirtækinu starfa reyndir iðnaðarmenn sem leggja metnað sinn í fagmennsku, snyrtimennsku og áreiðanleika. Einnig starfa þar múrarar og smiðir og saman geta þeir leyst öll helstu verkefni sem koma að viðhaldi húsa,“ segir Ámundi.

„Við hjá Fyrirtaki tökum að okkur allt almennt viðhald á fasteignum eins og t.d. gluggaviðgerðir og glerísetningar. Ef glugginn er farinn að fúna er nauðsynlegt að laga fúann áður en málað er. Við gerum við glugga með því að saga fúa í burt og setja nýtt fúavarið timbur í staðinn (sponsa glugga). Gluggaviðgerðir og glerísetningar krefjast mikillar nákvæmnisvinnu og réttra handbragða. Við bjóðum upp á þessa þjónustu og getum líka leiðbeint og aðstoðað.“

Reglulegt viðhald á fasteignum borgar sig að sögn Ámunda. „Málning er oftar en ekki eina vörnin fyrir veðri og vindum og á því bæði að verja og fegra. Utanhúss veðrast fletir hratt fyrir áhrif sólar, veðurs og vinds en með reglulegu viðhaldi er hægt að verja fasteignina og koma í veg fyrir dýrar framkvæmdir.“

FYRIRTAK málningarþjónusta

## Þjónum fyrirtækjum, stofnunum og húsfélögum

Ámundi segir mikilvægt að passa upp á glugga og annað tréverk sem geti fúnað mjög fljótt ef ekki er passað upp á að mála það reglulega. „Því er mjög mikilvægt að nota góð efni sem hafa reynst vel fyrir íslenska veðráttu.“

Hann segir Fyrirtak þjóna bæði fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum. „Við tökum að okkur öll helstu verkefni sem koma að viðhaldi og breytingum á fasteignum, jafnt innan sem utan.“

Ámundi segir veðrið síðasta sumar hafa verið einstaklega gott. Fyrirtak málningarþjónusta nýtti tímann vel og skilaði af sér fjölda húsa til ánægðra kúnna. „Gott er að leita tilboða tímanlega enda erum við byrjaðir að undirbúa verkefni fyrir sumarið,“ segir Ámundi.

Fyrirtak málningarþjónusta, sími: 770-7997. fyrirtak@fyrirtak.is. www.fyrirtak.is



Reglulegt viðhald á fasteignum borgar sig.

# Plöntugrænt á veggina

## Anna Pála Pálsdóttir, arkitekt FAÍ og innanhússhönnuður, fer yfir helstu tískustrauma og trix fyrir sumarið þegar fríska á aðeins upp á heimilið.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Aðaltískulitur Pantone í ár er grasgrænn, sem tengist sennilega þeim vinsældum sem grænar plöntur hafa í dag," segir Anna Pála Pálsdóttir, arkitekt FAÍ og innanhússhönnuður, spurð út í helstu tískustrauma innanhúss.

„Annars má segja að tvær stefnur séu í gangi varðandi litaval, annars vegar ljósir pastellitir sem henta vel í minni rými; fölbleikur, ljósblágrænn, ljósgrænn og ljósgrár, og hins vegar þessir möttu, dökku og þungu litir eins og dökkblár, dökkgrænn og dökkgráir tónar, sem henta betur í stærri rými og á einstaka veggi. Hráir steypuveggir geta líka komið mjög vel út, þá sérstaklega í rými þar sem lofthæð er mikil.

Þó þarf að athuga að þessir dökku litir henta ekki öllum rýmum. Mér finnst anddyri og svefnherbergi mega vera í dekkri litum, en herbergi þar sem verið er að vinna, er betra að hafa í ljósari litum sem endurkasta birtu um rýmið. Sterkir litir og veikari passa líka oft fallega saman."

Hvers konar gólfefni eru vinsæl?

„Ég er alltaf hrifnust af viðarparketi eða gegnheilu viðargólfi inni á heimilum. Það er lifandi efni, mjúkt og verður fallegra með tímanum þótt sjái á því. Fallegar flísar eru líka alltaf klassískar en hafa stækkað mikið síðustu ár. Sjálfri finnast mér stórar flísar ekki henta í lítil rými. Ég er einnig mjög hrifin af flotuðum gólfum sem hægt er að skreyta fallegum mottum. Í rými þar sem huga þarf að hljóðísogi koma munstraðar teppaflísar sterkar inn."



Anna Pála Pálsdóttir

### Lýsing

„Lýsing hefur ótrúlega mikið að segja og getur gjörbreytt rýmum. Með því að nota dimmera má stjórna lýsingunni úr því að lýsa upp allt rýmið niður í „kertaljósabirtu". Mikilvægt er að hafa góða lýsingu þar sem verið er að vinna en leika sér með áberandi loftljós, borð- og gólflampa í stofu og borðstofu, sérstaklega ef lítið er um innfellda lýsingu í loftum til að skapa notalegt andrúmsloft."



Dökkir litir eru einnig afar vinsælir.

### Frískað upp á einfaldan máta

„Bara það að mála einn vegg á heimilinu í sterkum, fallegum lit getur gert mjög mikið. Einnig mætti skipta um höldur á gömlum innréttingum, setja nýja borðplötu í eldhús og baðherbergi, pólýhúða eldri járnhluti, setja nýtt áklæði á gamlan sófa og stóla, nota spegla til að stækka rými eða klæða sökkla upp á nýtt. Oft er gaman að skipta út skrautmunum eins og púðum og kertastjökum eftir t.d. árstíðum, ásamt því að huga að lýsingu og fallegum plöntum.




Tískuliturinn í ár.

### Algengustu mistökin?

„Kostnaðarsömustu rýmin til að taka í gegn eru eldhús og baðherbergi, meðal annars vegna þess að það þarf að fá iðnaðarmenn á öllum sviðum í vinnu, ásamt hönnuði til að skipuleggja rýmið. Algengustu mistök sem fólk gerir er að leggjast sjálft í of stórar framkvæmdir og týna þræðinum á miðri leið. Því er nauðsynlegt að hafa hönnuð með sér frá byrjun í skipulaginu

Þá eru algeng mistök að byrja á því að kaupa fullt af nýjum hlutum inn í nýkeypta íbúð. Betra er að búa á nýju heimili í smá tíma til að átta sig á hvað hentar inn. En aðalatriði í hönnun heimila er að heimilisfólkinu líði vel og leggi áherslu á að huga að þörfum sínum og líðan."




Stigahúsateppin okkar eru slitsterk, ofnæmisprófuð og auðveld í þrifum. Gerum verðtilboð að kostnaðarlausu.
Komdu og sjáðu úrvalið. Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Parki INTERIORS

Parki ehf. • Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • www.parki.is • parki@parki.is • sími: 595 0570

# HEFUR ÞÚ PRÓFAÐ CURCUMIN?

Gullkryddið sem hefur reynst þúsundum Íslendinga vel.




GOOD MANUFACTURING PRACTICE GMP QUALITY PRODUCT

100% NATURAL

**Curcumin „Gullkryddið“ er margfalt áhrifameira en Túrmerik!**



BLÁ NAGLINN

**Í apríl mánuði renna 100 krónur af hverri seldri dós til stuðnings Bláa naglans**

„Hreinleiki, gæði og virkni skiptir mig miklu máli þegar ég vel fæðubótarefni.

Þess vegna mæli ég tvímælalaust með vörunum frá Natural Health Labs.“

**Helga Lind – Pilateskennari og einkaþjálfari**






Bætiefnin innihalda hvorki rotvarnarefni né fylliefni og eru án allra aukaefna.

*Bætt heilsa og betri líðan með*
Natural Health Labs
*100% náttúruleg bætiefni*

**Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórverslana.**

BALSAM ehf
www.balsam.is






Á leiðinni út á Horn. Hornvík í bakgrunni og Hælavíkurbjarg til vinstri við víkina.

# Jóga á Hornströndum

Gróa Másdóttir lærði fornleifafræði en hefur kennt jóga í meira en áratug. Hún undirbýr jógaferð á Hornstrandir í sumar.


Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is




Hornstrandir eru alveg magnaðar og töfrum líkast að vera þar. Náttúran er ósnortin, litirnir og kyrrðin eru engu lík. Meira að segja vatnið er betra þar en annars staðar. Þetta skilja allir sem hafa komið til Hornstranda,“ segir Gróa, sem dvaldi þar í nokkra daga í fyrrasumar.

„Ég fór í jógaferð sem starfsmaður á plani. Vinkona mín, Björk Sigurðardóttir, hefur farið oft þangað og þekkir svæðið eins og lófann á sér. Hún vildi sýna mér gönguleiðir og kynna mér þær vel svo ég geti farið sjálf með hópa. Við sigldum frá Bolungarvík lengst inn í Jökulfirði og fórum í land í Lónafirði. Við gengum yfir Snókaheiði og í Hrollaugsvík og þaðan yfir í Látravík og Hornbjargsvita. Þar gistum við í þrjár nætur. Við fórum í eina langa göngu og höfðum einn hvíldardag þar sem við m.a. skoðuðum Látravíkina,“ rifjar Gróa upp en hún lærði leiðsögn og er vön að ferðast um landið með hópa.

## Paradís í góðu veðri

Gróa gekk einnig með hópnum yfir Almenningsskarð og í Hornvík og alla leið út á Horn sem strandirnar eru nefndar eftir. „Við vorum frekar heppin með veður. Margir segja að Hornstrandir séu eins og Paradís í góðu veðri, en hreint helvíti í vondu veðri og ég trúi að það sé nokkuð til í því,“ segir hún. „Þetta góða veður hafði þau áhrif að okkur fannst allt svo gott. Vitavörðurinn eldaði fyrir okkur bestu kjötsúpu sem við höfum smakkað. Við fengum bestu fiskibollurnar, búnar til úr nýveiddum


Gróu finnst Hornstrandir magnaðar og töfrum líkar. MYND/ERNIR

> Náttúran er ósnortin. Litirnir og kyrrðin eru engu lík. Meira að segja vatnið er betra þar en annars staðar.

þorski, nýbakað brauð og svo tíndu nokkrir úr hópnum hráefni í salat, m.a. skarfakál. Þetta var allt svo dásamlegt.“

## Njóta en ekki þjóta

Tilgangurinn með ferðinni var að njóta en ekki þjóta, lifa í núinu, og upplifa staðinn. „Einnig gerðum við léttar jógaæfingar,“ segir Gróa.

Undirbúningur fyrir næstu ferð er í fullum gangi en í sumar fer hún til Hornstranda ásamt Þórlaugu Sveinsdóttur, á vegum Ferðafélags Íslands. Gróa mælir með að þeir sem vilji koma með þjálfi sig vel fyrir ferðina. „Við munum ganga þrjár til fjórar dagleiðir upp um fjöll og firnindi. Þess vegna er gott fyrir fólk að vera í góðu formi. Við ætlum þó ekki að hlaupa þetta, heldur ganga á góðum en stöðugum hraða svo hægt sé að njóta umhverfisins og fá sem mest út úr ferðinni.“

## Kennir jakkafatajóga

Sjálf byrjaði Gróa að stunda jóga fyrir fimmtán árum og eftir það varð ekki aftur snúið. „Ég hef verið jógakennari síðan 2005. Ég kenndi í tólf ár hjá World Class en hætti um áramótin og vinn núna fyrir Jakkafatajóga. Við förum inn í fyrirtæki og kennum fólki léttar jógaæfingar. Það er svakalega skemmtilegt. Ég hef kynnst fjölda fyrirtækja sem ég vissi ekki einu sinni að væru til. Jóga er eins og verkfæri í verkfæratöskunni hjá fólki til að láta sér líða vel,“ segir Gróa sem ætlar að kynna Jógaferðina í húsnæði Ferðafélagsins í Mörkinni 6 í kvöld.










## Bílar & Farartæki

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



AUDI A4 sedan 1,8t s line. Árgerð 2007, Ekinn 170 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Leður. Verð 1.490.000. Rnr.288672.



TOYOTA Hilux double cab d/c, sr 33". Árgerð 2009, Ekinn 174 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Pallhús. Dráttarkrókur. Verð 3.590.000. Rnr.288686.



TOYOTA Aygo X-Play. Árgerð 2016, ekinn 1 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.690.000. Rnr.151678.



TOYOTA Hilux d/c, sr 3.l 33". Árgerð 2016, Ekinn 35 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Pallhús. Dráttarkrókur. Verð 7.490.000. Rnr.151679.



TOYOTA Land Cruiser 150 VX diesel 33" breyttur. Árgerð 6/2016, Ekinn 5 Þ.KM, dísel, Sjálfskiptur. Motta í skotti. Kælibox. 360° myndavélar. Leður. Verð 11.290.000. Rnr.151649.



VW Golf trendline. Árgerð 2007, Ekinn 153 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Ásett verð 890.000. Rnr.288383.



SKODA Octavia Ambiente Diesel. Árgerð 2006, ekinn 145 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. TILBOÐSVERÐ 990.000. Rnr.287875.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Bílar til sölu



Skoda Superb. Árgerð 2013, 5 gíra beinskiptur. Ekin 70.000km. Verð:1.899.000 Sími:6162597

## Bílar óskast

Bergfinnur ehf. Bílaviðgerðir, sérgrein, bremsuviðgerðir. Sími 892 7852 Sævar.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hjólhýsi



**HOBBY HJÓLHÝSI 2017**

**STÓRSPARNAÐUR!**
Við aðstoðum þig við kaupin beint frá Þýskalandi.

Allar fyrirspurnir sendist á:

kriben@simnet.is s. 863 4449

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU ŞAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Líka úrval notaðra dekkja. Töku notuð uppí ný. Vaka s. 5676700

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 663 5315

## Garðyrkja

Felli tré, grisja og klippi runna. Besti tíminn. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

## Bókhald

**FRAMTAL 2017**
Framtöl einstaklinga, verktaka

og rekstraraðila.

Góð og traust þjónusta.

Vönduð vinna.

FRAMTALSÞJÓNUSTAN, Ármúla 19.

Sími 533 1533.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald







**HÚSASMIÐIR GETA BÆTT VIÐ SIG VERKEFNUM.**
Gips, viðgerðir, uppsetning á innréttingum, gluggum og hurða ísetning. Þakrennur og niðurföll. Lekavandamál í húsum. Sumarhús. Öllréttindi og mikil reynsla. Get tekið að mér Byggingarstjórn. Tilboð, tímavinna.

Upplýsingar i s 893-5374 eða nybyggd@gmail.com

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**DYRASÍMAR, LJÓS-NET. S. 777 4944**
Viðgerðir og endurnýjun. Rafeindameistarinn ehf

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273 milli 17-19**

# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þ♂r, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Tómstundir & Ferðir

## Hestamennska

**Aðalfundur**
**Hestamannafélagsins Fáks verður haldinn í félagsheimili Fáks miðvikudaginn 5. apríl kl. 20:00**
**Kosningar og hefðbundin aðalfundarstörf.**
**Hvetjum alla til að mæta.**

**Stjórn Fáks**

# Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU 50 M2**
Gott atvinnubil í Steinhellu með 4 m lofthæð. Nýtt og snyrtilegt. Fyrir snyrtilega starfsemi. S: 770-0111

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

**NONNABITI**
Starfsmaður óskast í Reykjavík og Kópavog í hlutastarf/fullt starf. Reyklaus. Ath vaktarvinna.
**Sendið umsókn á nonnabiti@nonnabiti.is eða á stöðunum.**

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is**
**Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

**BAKARAR**
Erum með klára bakara sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

**UPPSLÁTTASMIÐIR - SMIÐIR**
Erum með klára uppsláttasmiði og smiði sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

**KRANAMENN - TÆKJAMENN**
Erum með klára kranamenn og tækjamenn sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

**VERKAMENN**
Erum með klára verkamenn sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

**BIFVÉLAVIRKJAR - MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRAR**
Erum með klára bifvélavirkja og meiraprófsbílstjóra sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333


Barnaheill
Save the Children á Íslandi







## Félag Fasteignasala

Til félagsmanna í Félagi fasteignasala.

## AÐALFUNDUR 2017

**Aðalfundur Félags fasteignasala verður haldinn miðvikudaginn 12. apríl kl. 16:00 á Fosshóteli Höfðatorgi í Reykjavík.**

Á dagskrá aðalfundar FF verða eftirtalin mál:

1. **Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu starfsári.**
2. **Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.**
3. **Kosning formanns**
4. **Kosning tveggja meðstjórnenda**
5. **Kosning tveggja varamanna**
6. **Kjör skoðunarmanna reikninga**
7. **Kjör laganefndar**
8. **Önnur mál, er upp kunna að vera borin.**

*Stjórnin*

**Aðalfundur Fasteignaleitar ehf miðvikudaginn 12. apríl kl. 18:00 á Fosshóteli Höfðatorgi.**

**DAGSKRÁ:**
1. Ársskýrsla fasteignaleitar ehf
2. Endurskoðaður reikningur fyrir liðið reikningsár.
3. Önnur mál.

Léttar veitingar í lok fundar

*Stjórnin*

## Auglýsing um skipulag í Kópavogi

### Brú yfir Fossvog – deiliskipulag lýsing
### Fyrir gangandi, hjólandi og almenningsvagna

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 25. október 2016 var lögð fram lýsing á deiliskipulagi brú yfir Fossvog fyrir gangandi, hjólandi og almenningsvagna. Markmið fyrirhugaðs deiliskipulags er að tengja Kársnesið og strandsvæði Reykjavíkur meðfram Fossvogi og Nauthólsvík með brú yfir Fossvog. Jafnframt er verið er að efla vistvæna samgönguvalkosti á svæðinu ásamt því að stytta ferðalengdir, dreifa umferðarálagi og stuðla að breyttum ferðavenjum og vali á fjölbreyttum ferðamátum.
Áherslur sem eru í samræmi við Aðalskipulag Kópavogsbæjar 2012-2024 og Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 og Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040. Skipulagverkefnið, sem er unnið í samstarfi við Reykjavíkurborg og Vegagerðina, var kynnt á almennum fundi í Kársnesskóla 29. nóvember 2016.

**Í samræmi við 1. mgr. sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er óskað umsagnar fyrir 20. apríl 2017.**

Lýsing er aðgengileg á vef Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is undir skipulag í kynningu. Lýsingin er jafnframt til sýnis á skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00.

*Skipulagsstjóri Kópavogs*


GLAMOUR
*Glæsilegasta tískutímarit landsins*

GLAMOUR fylgir nú með *Stóra- og Risapakkanum*




Kynntu þér málið á 365.is
365

# Roy Keane skoraði tvö þegar við mættum Írum síðast



Roy Keane hafði bara skorað 1 mark í 36 landsleikjum þegar hann skoraði tvö gegn Íslandi. NORDICPHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** Ísland og Írland mætast í kvöld í Dublin í vináttulandsleik en það er orðið langt síðan þessar þjóðir mættust á knattspyrnuvellinum. Leikurinn hefst klukkan 18.45 og verður sýndur beint á Stöð 2 Sport.

Íslenska landsliðið vann mikilvægan 2-1 sigur á Kósóvó í undankeppni HM á föstudagskvöldið en kemur við í Dublin á bakaleiðinni.

Íslenska liðið spilar ekki á móti Írum á hverjum degi. Í haust verða liðin tuttugu ár síðan Írar mættu á Laugardalsvöllinn og unnu 4-2 sigur á Íslandi í undankeppni HM 1998. Þetta var fyrsti heimaleikur íslenska liðsins í keppni undir stjórn Guðjóns Þórðarsonar og íslenska liðið tapaði ekki heimaleik aftur fyrr en rúmur tveimur árum síðar. Liðið gerði meðal annars 1-1 jafntefli við nýkrýnda heimsmeistara Frakka og vann Rússa í Laugardalnum á þessum tveimur árum.

Roy Keane, núverandi aðstoðarþjálfari Martins O'Neill hjá írska landsliðinu, var aðalstjarna leiksins í Laugardalnum 6. september 1997 en hann skoraði tvö mörk með tólf mínútna millibili í seinni hálfleik. Brynjar Björn Gunnarsson og Helgi Sigurðsson höfðu komið Íslandi í 2-1 en Keane jafnaði metin fyrst með skalla eftir horn og nýtti sér síðan varnarmistök og kom Írum í 3-2. Fjórða mark Íra kom síðan eftir að íslenska liðið hafði misst Lárus Orra Sigurðsson af velli með rautt spjald.

